



## ÁRSSKÝRSLA GARÐASKÓLA 2022 - 2023

# Ársskýrsla Garðaskóla 2022-2023

**Ritstjóri:** Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

## **Höfundar efnis:**

Anna Ingibergsdóttir, kennari á skólasafni

Andri Rafn Ottesen, fagstjóri í samfélagsgreinum

Ásta Gunnarsdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Ásta Huld Henrysdóttir, aðstoðarskólastjóri

Betty Jónsdóttir, fagstjóri í náttúrufræði

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

Guðrún Björk Einarsdóttir, kennari í textíl

Gísli Rúnar Konráðsson, fagstjóri í íslensku

Guðný Rut Gylfadóttir, fagstjóri í dönsku

Halla Thorlacius, fagstjóri í ensku

Haraldur Jónasson, kennari í hönnun og smíði

Herborg Eðvaldsdóttir, kennari í myndlist

Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, deildarstjóri nemendamála

Hjördís Eva Ólafsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

Kristján Rafn Heiðarsson, kennari í heimilisfræði

Hulda Kristmannsdóttir, kennari í íslensku

Hulda Sigurjónsdóttir, kennari í heimilisfræði

Jóhanna Margrét Eiríksdóttir, náms- og starfsráðgjafi

Kristín Þórunn Guðmundsdóttir, kennsluráðgjafi

Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir, deildarstjóri nemendamála

Sædís Harpa Stefánsdóttir, kennari í myndlist og tónmennt

# EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
Garðaskóli	6
Skóladagatal 2022-2023	6
Nemendur	8
Þróun nemendafjölda	9
Starfsumhverfi nemenda	9
Matsala nemenda	10
Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla	10
Nemendaráð Garðaskóla	10
Starfsfólk Garðaskóla	11
Stjórnendur og nemendavernd	11
Fagstjórar	11
Breytingar í starfsmannahópnum	12
Nefndir og ráð	13
Starfsþróun	13
Samstarfsaðilar í húsinu	14
Íþróttafélög	14
Tónlistarskólinn í Garðabæ	14
Foreldrafélag Garðaskóla	14
Skólaráð	15
Áfallaráð	15
Læsi í garðaskóla	16
Skýrsla læsisteymis Garðaskóla	16
Upplýsingatækni	17
Húsnæði Garðaskóla	17
Innra og ytra mat	17
Ársskýrslur deilda	19
Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála	19
Viðvera nemenda	19
Skólaforðun	22

Viðburðir og uppbrot í skólastarfi	24
Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu	25
Aðstaða	27
Stuðningsfulltrúar	27
Proskapjálfar	27
Samstarf	27
Nemendaverndarráð Garðaskóla	28
Teymisvinna	28
Atvinnutengt nám	28
Íslenska sem annað mál	28
Félagsfærniþjálfun	28
Logos lestrargreiningar	29
Logos endurmat	29
Þjónusta við lesblinda	29
Námsver	29
Námskrár og námsmat	30
Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk	30
Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk	31
Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk	33
Lesferill	34
Skýrsla fagstjóra í dönsku	35
Skipulag	36
Helstu áherslur í kennsluháttum og námi	36
Skýrsla fagstjóra í ensku	36
Skipulag	36
Grunnþættir menntunar og leiðbeinandi kennsluhættir	37
Samantekt	38
Skýrsla fagstjóra í íslensku	39
Skipulag	39
Kennsluhættir	39

Grunnþættir menntunar	39
Breytingar og þróunarverkefni	40
Mat á starfi skólaársins	40
Skýrsla fagstjóra í íþróttum	41
Aðstaða	41
Skýrslur list- og verkgreinakennara	43
Heimilisfræði	43
Myndlist og tónlist	46
Smíði	47
Textíl og fatahönnun	47
Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði	48
Skýrsla fagstjóra í samfélagsfræði	49
Skipulag	49
Leiðbeinandi kennsluhættir	51
Aðstaða til kennslu	51
Tækjakostur og notkun	52
Skýrsla fagstjóra í stærðfræði	52
Skýrsla skólasafns Garðaskóla	54
Starfsemi safnsins	55
Húsnæði	58
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	59
Náms- og starfsráðgjöf: Einstaklingsmiðuð ráðgjöf	59
Náms - og starfsráðgjöf: Hópráðgjöf og fræðsla	59
Starfamessa	60
Ýmis verkefni:	60
Endurmenntun og viðhald fagþekkingar námsráðgjafa skólaárið 2022-2023	61
Lokaorð	61

# INNGANGUR

Ársskýrsla er hluti af skólanámskrá Garðaskóla. Í ársskýrslunni er fjallað um það sem hæst bar í á skólaárinu 2022 - 2023. Ársskýrslunni er í senn ætlað að vera verkfæri í innra mati skólans og mikilvæg heimild um skólastarf og inntak þess.

Almennar lýsingar á skipulagi skólans eru birtar í [starfsáætlun](#), [námsáætlunum](#) og öðrum hlutum [skólanámskrár](#). Lesendum er vísað með rafrænum tenglum á [heimasíðu skólans](#) til að afla frekari upplýsinga og því hefur prentuð útgáfa ársskýrslu takmarkað gildi miðað við rafrænu útgáfuna.

Á [heimasíðu Garðaskóla](#) má ávallt nálgast ýmsar upplýsingar um daglegt starf, almenna starfshætti og stefnu skólans. Skólinn gefur út [fréttabréf](#) með hagnýtum upplýsingum og umfjöllun um helstu áhersluatriði nokkrum sinnum á ári. Þá birtast mikilvægar upplýsingar um félagsstarf nemenda á [heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar](#) sem m.a. sér um félagslíf nemenda Garðaskóla í nánú samstarfi við starfsfólk Garðaskóla.

Að venju er samt skýrslan greinargerð um öflugt og skapandi starf kennara og annars starfsfólks, nemenda og foreldrasamfélags í Garðaskóla. Skólastjóri þakkar samstarfsfólki frábært samstarf á skólaárinu. Sérstakar þakkir fá stjórnendur, fagstjórar og ábyrgðarmenn verkefni sem hafa lagt til kafla í þá skýrslu sem hér birtist.

Stjórnendur og starfsfólk Garðaskóla þakka öllum aðilum gott og gefandi samstarf á árinu.

Garðabær, júní 2023,

Jóhann Skagfjörð, skólastjóri

# GARÐASKÓLI

Garðaskóli er sérhæfður skóli fyrir unglíngastig sem á gott samstarf við grenndarsamfélag sitt. Skólinn á í góðu samstarfi við nærsamfélagið í Garðabæ, m.a. íþróttafélögin, aðra grunnskóla, Fjölbrautaskólann í Garðabæ og atvinnulífið. Félagsmiðstöðin Garðalundur deilir húsnæði með skólanum og daglegt flæði er milli skóla og félagsmiðstöðvar. Þessi flétta nýtist nemendum vel í leik og starfi.

Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðallega þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfingu og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurs hóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma skeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki er síður mikilvægt að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglíngum sem eru að ljúka grunnskólanámi. Til viðbótar við kennara starfa við skólann námsráðgjafar og þroskaþjálfar sem auk stjórnenda greina margvíslegar þarfir nemenda og styðja við þá með það að markmiði að hver einstaklingur nái að nýta sem best þau námstækifæri sem í boði eru innan skólans.

Skólinn á rötgróid samstarf við Fjölbrautaskólann í Garðabæ (FG) og nemendum býðst að taka nám á öðru þrepi framhaldsskólans á meðan þeir stunda nám í Garðaskóla. Hópa- og ferðakerfi Garðaskóla býður nemendum fjölbreyttar námsleiðir sem hver einstaklingur getur sniðið að áhuga sínum og námslegum þörfum.

Í Garðaskóla er rík áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð og að efla hæfni nemenda til lýðræðislegrar þátttöku. Nemendur fá markvissa þjálfun í gagnrýninni hugsun og þátttöku í samræðu. Þeim gefst kostur á að starfa að umbótum innan skólans með þátttöku í nefndum og ráðum. Nemendur hafa áhrif á námsframboð og vinnulag í skólanum og taka þátt í framkvæmd ýmissa verkefna, t.d. kennslu á uppbrotsdögum.

## SKÓLADAGATAL 2022-2023

Skóladagatal í leik- og grunnskólum Garðabæjar er samræmt til að mæta þörfum fjölskyldna og skapa möguleika á samstarfi þvert á skóla. Meginrammi skóladagatalsins er samþykktur af skólanefnd að vori en minniháttar tilfærslur á viðburðum geta orðið eftir því sem líður á skólaárið.

Í Garðaskóla er skóladagatal ávallt aðgengilegt á [vef skólans](#). Fyrir starfsmenn er birt ítarlegri útgáfa þar sem fundir og nánari skýringar á uppbrotsverkefnum eru settar inn til að auðvelda skipulag á daglegu starfi.

Eftirfarandi er skóladagatal Garðaskóla fyrir skólaárið 2022-2023:

ÞFI	AGU ST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ		
1. M	Frídagur verslunarmanna	Félagsmálafundur Garðalundur	1. L	1. Þ	Fullveldisdagurinn	1. S	Nýársdagur	1. M	1. M	1. L	Veiklyfisdagurinn	1. F	10. b. útskriftarferð
2. Þ	2. F	Félagsmálafundur Garðalundur	2. S	2. M	Gagn og gaman	2. F	2. M	2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. F	10. b. útskriftarferð
3. M	3. L	Félagsmálafundur Garðalundur	3. M	3. F	Gagn og gaman	3. L	3. Þ	3. F	3. M	3. M	3. L	3. L	
4. F	4. S	4. Þ	4. S	4. M	Gagn og gaman	4. F	4. M	4. L	4. Þ	4. S	4. F	4. F	Sjómanna dagurinn
5. F	5. M	5. M	5. M	5. L	5. M	5. F	5. S	5. S	5. M	5. F	5. M	5. M	
6. L	6. Þ	6. F	6. F	6. S	6. Þ	6. F	6. M	6. M	6. F	6. L	6. Þ	6. Þ	
7. S	7. M	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L	7. Þ	7. Þ	7. F	7. M	7. L	7. M	
8. M	8. F	Dagur læsis	8. L	8. Þ	Baráttudagur gegn etthli	8. S	8. M	8. M	8. L	8. M	8. L	8. M	8. F
9. Þ	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. L	9. F	9. F	9. M	9. S	9. Þ	9. Þ	8. F
10. M	10. L	10. M	10. M	10. F	10. L	10. Þ	10. F	10. F	10. M	10. M	10. L	10. L	10. L
11. F	11. S	11. Þ	11. Þ	11. M	Garðaskóli 50 ára	11. M	11. L	11. L	11. M	11. Þ	11. F	11. F	11. S
12. F	12. M	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F	12. S	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. M
13. L	13. Þ	13. F	13. F	13. S	13. Þ	13. F	13. M	13. M	13. F	13. L	13. L	13. L	13. Þ
14. S	14. M	14. F	14. F	14. M	14. M	14. L	14. Þ	14. Þ	14. M	14. S	14. S	14. M	14. M
15. M	15. F	15. L	15. L	15. Þ	15. F	15. S	15. M	15. M	15. L	15. M	15. M	15. M	15. F
16. Þ	16. F	Dagur íslenskra málfrúa	16. S	16. M	Dagur íslenskra lungu	16. F	16. M	16. F	16. S	16. M	16. L	16. L	16. F
17. M	17. L	17. M	17. M	17. L	17. F	17. S	17. M	17. M	17. L	17. M	17. L	17. L	17. F
18. F	18. S	18. Þ	18. Þ	18. M	18. M	18. F	18. L	18. L	18. M	18. Þ	18. Þ	18. M	18. S
19. F	19. M	19. L	19. L	19. Þ	19. M	19. F	19. S	19. S	19. M	19. M	19. L	19. L	19. M
20. L	20. Þ	20. F	20. F	20. S	Dagur mannvæðis barns	20. M	20. L	20. L	20. M	20. F	20. M	20. M	20. Þ
21. S	21. M	21. M	21. M	21. L	21. M	21. F	21. S	21. S	21. M	21. L	21. L	21. L	21. M
22. M	22. F	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. S	22. S	22. M	22. M	22. L	22. L	22. F
23. Þ	23. M	23. L	23. L	23. Þ	23. M	23. F	23. S	23. S	23. M	23. M	23. L	23. L	23. M
24. M	24. F	24. M	24. M	24. L	24. F	24. S	24. M	24. M	24. L	24. M	24. L	24. L	24. M
25. F	25. L	25. L	25. L	25. Þ	25. M	25. F	25. S	25. S	25. M	25. M	25. L	25. L	25. M
26. F	26. S	26. M	26. M	26. L	26. F	26. S	26. M	26. S	26. M	26. M	26. L	26. L	26. M
27. L	27. Þ	27. F	27. F	27. S	27. M	27. F	27. L	27. L	27. M	27. M	27. L	27. L	27. M
28. S	28. M	28. M	28. M	28. L	28. F	28. S	28. M	28. S	28. M	28. M	28. L	28. L	28. M
29. M	29. F	29. L	29. L	29. Þ	29. M	29. F	29. S	29. S	29. M	29. M	29. L	29. L	29. M
30. Þ	30. M	30. F	30. F	30. M	30. F	30. L	30. M	30. M	30. L	30. M	30. L	30. L	30. M
31. M	31. L	31. M	31. M	31. L	31. F	31. S	31. M	31. M	31. L	31. M	31. L	31. L	31. M

Vegna skyndilegrar lokunar á nokkrum kennslurýmum var miðvikudeginum 17. maí breytt í skipulagsdag kennara.




# NEMENDUR

Við skólaslit í júní 2022 voru nemendur skólans 621 sem var fjölgun um 6 nemendur miðað við töluna sem gefin var upp í starfsáætlun skólans fyrir veturinn.

	Drengir	Stúlkur	Samtals	Umsjónarkennari
<b>8. bekkur</b>	<b>105</b>	<b>111</b>	<b>216</b>	
8. BJ	11	11	22	M. Bettý Jónsdóttir
8. EDH	15	10	25	Elísa Dögg Helgadóttir
8. EHG	11	14	25	Elín Heiður Gunnarsdóttir
8. EHH	11	13	24	Elfa Huld Haraldsdóttir
8. HBG	11	15	26	Hulda Björk Guðmundsdóttir
8. HS	11	16	27	Hulda Sigurjónsdóttir
8. KP	13	9	22	Karl Pálsson
8. RPS	12	11	23	Rúnar Páll Sigmundsson
8. SHS	10	12	22	Sædís Harpa Stefánsdóttir
<b>9. bekkur</b>	<b>88</b>	<b>116</b>	<b>204</b>	
8. ALH	11	11	22	Anna Lena Halldórsdóttir
8. ARO	11	13	24	Andri Rafn Ottesen
8. EHR	11	13	24	Erla Hrönn Randversdóttir
8. HK	11	13	24	Hulda Kristmannsdóttir
8. KS	9	12	21	Kristinn Sigurbergsson
8. RA	7	17	24	Rósanna Andrésdóttir
8. SR	10	12	22	Svandís Ríkharðsdóttir
8. SSH	8	13	21	Sigurður Stefán Haraldsson
8. PH	10	12	22	Þorfinnur Hannesson
<b>10. bekkur</b>	<b>78</b>	<b>123</b>	<b>201</b>	
10. BRB	8	14	22	Berglind Rósa Birgisdóttir
10. EE	9	12	21	Elena Einisdóttir
10. EK	10	14	24	Erla Karlsdóttir
10. GHÁ	10	12	22	Gígja Hrönn Árnadóttir
10. GRG	7	17	24	Guðný Rut Gylfadóttir
10. HLG	9	12	21	Svala Jónsdóttir
10. KH	7	14	21	Katrín Halldórsdóttir
10. RS	11	12	23	Ragnheiður Stephensen
10. RT	7	16	23	Ragnhildur Thorlacius
<b>Nemendafjöldi við skólaslit</b>	<b>271</b>	<b>350</b>	<b>621</b>	

## Þróun nemendafjölda

Hér má sjá þróun nemendafjölda miðað við tölur í ársskýrslu Garðaskóla síðustu ár:



Búist er við því að á næsta skólaári verði nemendafjöldi skólans um 640.

## Starfsumhverfi nemenda

Á unglingastigi sækja nemendur 37 kennslustundir á viku samkvæmt Aðalnámskrá. Kennslustundir í Garðaskóla eru skipulagðar sem 55 mínútna einingar en ekki 40 mínútna eins og Aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Vinnuvika nemenda er því 24-25 kennslustundir og svo bætist við 20 mínútna yndislestrartími daglega. Fyrsta kennslustund í Garðaskóla hefst kl. 8.10 og skóladegi lýkur í flestum tilvikum annað hvort kl. 14.15 eða kl. 15.15 þó svo að kennsla hafi suma daga staðið allt til 17:15. Skipulag stundatafla er afar misjöfn milli nemenda þar sem töflur þeirra eru einstaklingsmiðaðar í 9. og 10. bekk.

Námið í Garðaskóla er fjölbreytt og mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel í skólanum og þeir njóti sín við nám og störf. Nemendur fara milli skólastofa í faggreinakennslustofur. Kennslustundir eru brotnar upp með frímínútum og matarhléi. Nemendur stjórna ferðum sínum um húsnæði og skólalóð sjálfir og þeir geta fengið lánaða bolta og fleira til útileikja á skrifstofu skólans. Í frímínútum og eyðum hafa nemendur aðgang að Miðjunni, upplýsingaveri skólans, þar sem aðstaða er góð til lesturs, heimanáms, tafls eða til að eiga rólega stund. Einnig geta nemendur farið í Garðalund.

Nemendur fá námsáætlanir í hverri námsgrein í upphafi hvernar annar og þar eru upplýsingar um þau hæfniviðmið sem stefnt er að í hverri námsgrein, framvindu námsins og tilhögun námsmats. Öðru hvoru yfir skólaárið er stundaskrárbundið starf lagt til hliðar og árgöngum blandað í starfi og leik. Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum er varða uppbot og óhefðbundið skólastarf og fjalla deildarstjórar nánar um þetta í skýrsluhluta sínum.

## Matsala nemenda

Í vetur tók Matartíminn yfir rekstur á matsölu skólans. Þar geta nemendur keypt heitan mat í hádeginu. Töluverð aukning varð á fjölda nemenda í mataraskrift. Nemendur sakna þess þó að ekki það sé ekki „sjoppa“ þar sem þau geta keypt eitthvað annað en það sem er í hádegismat hverju sinni.

## Hagsmunagæsla nemenda Garðaskóla

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar sem gegna ábyrgðarstörfum, taka þátt í stefnumótun fyrir skólann og framkvæmd ýmissa viðburða.

Félagsmálaval Garðalundar er öflugur hópur sem stendur að félagslífi nemenda við skólann.

Nemendaráðgjafar starfa með námsráðgjöfum að ýmsum velferðarmálum nemenda, t.d. að vinna gegn einelti innan skólans og taka vel á móti nýjum nemendum. Nánar má lesa um starf nemendaráðgjafa í skýrslu náms- og starfsráðgjafa.

## Nemendaráð Garðaskóla

Markmið nemendaráðs er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólaárið 2021-2022 var nemendaráð skipað drengjum og stúlkum úr öllum árgöngum. Hjördís Guðný Guðmundsdóttir, deildarstjóri, sá um stjórn nemendaráðs á skólaárinu.

Ráðið er stjórnendum til ráðgjafar og kemur skoðunum og óskum nemenda á framfæri við starfsfólk. Tveir meðlimir ráðsins sitja fyrir hönd nemenda í skólaráði Garðaskóla og einnig sitja tveir úr Nemendaráði í ungmennaráði Garðabæjar.

# STARFSFÓLK GARÐASKÓLA

Fjöldi starfsmanna var svipaður og á síðasta skólaári. Grunnskólakennarar eru langfjölmennasti starfsmannahópurinn en auk þeirra starfa stjórnendur, þroskaþjálfar, félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn í húsinu.

Innan skólans unnu einnig starfsmenn annarra stofnana og samstarfsaðila svo sem starfsmenn Félagsmiðstöðvarinnar Garðalundar, hjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, kennarar tónlistarskólans og þjálfari hjá GKG. Rúmur þriðjungur starfsmanna eru karlmenn og hefur það kynjahlutfall haldist svipað um nokkurt skeið. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á [vefsíðu skólans](#).

## Stjórnendur og nemendavernd

- Skólastjóri: Jóhann Skagfjörð
- Aðstoðarskólastjóri: Ásta Huld Henrysdóttir.
- Deildarstjórar nemendamála: Hjördís Guðný Guðmundsdóttir og Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir
- Deildarstjóri námsvers: Hjördís Eva Ólafsdóttir
- Skrifstofustjóri: Óskar Björnsson
- Kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni: Kristín Þórunn Guðmundsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafar: Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Margrét Eiríksdóttir
- Skólasálfræðingur: Kristín Ósk Leyfsdóttir
- Aldís Erna Pálsdóttir

## Fagstjórar

Fagstjórar gegna mjög mikilvægu hlutverki í stjórnun og framþróun faglegs starfs í skólanum. Mikilvægt er að starf innan fagdeilda sé samræmt og bera fagstjórar ábyrgð á því að þróa starfið áfram.

Veturinn 2022-2023 voru fagstjórar þessir:

- Danska: Guðný Þóra Gyldfadóttir
- Enska: Halla Thorlacius
- Íslenska: Gísli Rúnar Konráðsson
- Íþróttir: Rúnar Páll Sigmundsson
- Náttúrufræði: Margrét Bettý Jónsdóttir
- Samfélagsfræði: Andri Rafn Ottesern

- Stærðfræði: Elena Einisdóttir

Ekki eru fagstjórar í list- og verkgreinum en í staðinn er kennurum í þeim deildum launað svigrúm til að hafa umsjón með innkaupum, sinna tiltekt í stofum og halda utan um tækjabúnað.

Ljóst er að Halla Thorlacius mun láta af embætti fagstjóra enskudeildar fyrir næsta skólaár.

## Breytingar í starfsmannahópnum

Nokkrar breytingar urðu í starfsmannahópnum fyrir skólaárið og á meðan því stóð. Í stjórnendateymi skólans urðu þær breytingar að Guðný Þóra Friðriksdóttir var í launuðu námsleyfi í vetur og við starfi hennar tók Hjördís Eva Ólafsdóttir.

Nýtt starfsfólk á skólaárinu voru:

- Anna Ingibergsdóttir, kennari á bókasafni
- Arminda Maria C. Gomes Graca, skólaliði
- Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir, sérkennari
- Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson, sérkennari
- Berglind Rósa Birgisdóttir, kennari í samfélagsfræði
- Bjarki Freyr Ólafsson, stuðningsfulltrúi
- Elfa Huld Haraldsdóttir, kennari í ensku
- Elsa Dóróthea Kjartansdóttir, sérkennari
- Elín Heiður Gunnarsdóttir, kennari í íslensku
- Hulda Björk Guðmundsdóttir, kennari í stærðfræði
- Karl Pálsson, kennari í íslensku
- Katrín Louise Hamilton, stuðningsfulltrúi
- Sigurður Árni Gíslason, stuðningsfulltrúi
- Svala Jónsdóttir, kennari í náttúrufræði
- Sædís Harpa Stefánsdóttir, kennari í myndlist og tónmennt

Þessu til viðbótar komu Katrín Arna Kjartansdóttir og Lára Kristín Pedersen einnig að kennslu við skólann á liðnum vetri í hlutverki afleysingakennara vegna veikinda.

Eftirfarandi starfsfólk lauk störfum á skólaárinu eða í lok skólaárs:

- Elín Heiður Gunnarsdóttir
- Svala Jónsdóttir

Þeim starfsmönnum sem nú hafa kvatt okkur er þakkað frábært samstarf. Til viðbótar er ljóst að Erla Karlsdóttir og Eyrún Birna Jónsdóttir munu verða í launalausum leyfi frá störfum á næsta skólaári.

## Nefndir og ráð

Samtal aðila og dreifð ábyrgð á verkefnum eru nauðsynlegir hornsteinar að lýðræðislegum vinnubrögðum í skólanum. Því er lögð áhersla á að starfsmenn, nemendur og forráðamenn hafi aðgang að ákvarðanatöku og framkvæmdaáætlun skólans með þátttöku í nefndum og ráðum.

Það verklag að hvetja alla starfsmenn skólans að láta til sín taka í að minnsta kosti einu verkefni utan fastra daglegra starfa hefur fest sig í sessi með nefndum starfsmanna. Langflestir starfsmenn skrá sig til verka að hausti án þess að ýta þurfi sérstaklega á eftir þeim. Þetta þýðir að fleiri hafa áhrif á framkvæmd og þróun skólustarfsins og starfsmenn upplifa að til sé farvegur til að koma nýjum hugmyndum í verk.

## Starfsþróun

Símenntunarnefnd skólans skráir óskir starfsmanna um starfsþróunarverkefni, forgangsraðar þeim og gerir áætlun um framkvæmd námskeiða. Starfsþróunaráætlun skólans hefur undanfarin ár verið byggð upp á tveimur megin þáttum:

1. Að allir starfsmenn fái reglulega fræðslu og þjálfun í verkefnum sem varða öryggi í húsinu, velferð unglinga, skólabrag og framþróun kennsluhátta.
2. Að allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.

Stærsta starfsþróunarverkefni skólaársins var endurinnleiðing á *Uppbyggingu sjálfsaga*. Starfsfólk fékk eins dags námskeið á starfsdögum að hausti. Vegna samkomutakmarkana féllu þó niður önnur námskeið sem áttu að vera síðar um veturinn og verður þráðurinn tekinn aftur upp á næsta ári. Að auki sinnut kennarar ýmissi annarri starfsþróun í minni hópum. Starfsþróun síðasta árs einkenndist þó að miklu leyti, eins og margt annað í skólstarfinu, af því að lítið var um námskeið vegna samkomutakmarkana.

Anna Lena Halldórsdóttir vann að þróunarverkefninu „Orðskýringarmyndbönd í samfélagsfræði“ með tilstyrk frá þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ. Verkefnið hófst og lauk á skólaárinu.

Greinargerðir um þau þróunarverkefni sem lokið er í Garðaskóla eru birt á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/utgafa/throunarverkefni/>.

Starfsþróunaráætlun skólaársins 2022-2023 er í vinnslu og verður birt á vef skólans á haustdögum.

# SAMSTARFSADILAR Í HÚSINU

## Íþróttafélög

Valhópar Stjórnunnar í Garðaskóla voru þrjár. Nú geta unglingar sem stunda fimleka, knattspyrnu og körfubolta hjá Stjórnunni tekið hluta æfinga sem valgrein í Garðaskóla. Samskonar samstarf er við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar.

## Tónlistarskólinn í Garðabæ

Tónlistarskólinn rak nokkra starfsemi í húsnæði Garðaskóla. Annars vegar var um að ræða kennara sem kenndu nemendum Garðaskóla einkatíma í tónlistarstofu og hins vegar kenndi Ásgeir Aðalsteinsson valhópi sem tónlistarskólinn og Garðaskóli hafa skipulagt í sameiningu í nokkur ár. Valhópurinn hélt svo skóaltónleika í lok ársins fyrir alla nemendur skóalns. Tónlistarstofan er áfram í fullri nýtingu og talsvert reynir á þann gamla búnað sem í henni er. Það er því mjög brýnt að nauðsynlegt viðhald á stofunni komist til framkvæmda. Mikilvægt er að bæta hljóðeinangrun stofunnar til að lágmarka áreiti frá hljóðverkunum í nærliggjandi stofum.

# FORELDRAFÉLAG GARÐASKÓLA

Stjórn félagsins var kjörin á aðalfundi félagsins á haustdögum:

Formaður: Hjörtur Jónsson hjorturjons@simnet.is

Ritari: Arndís Þorvaldsdóttir arndis.is@gmail.com

Gjaldkeri: Anna Vigdís Kristinsdóttir annakristins@gmail.com

Meðstjórnendur:

Þyri Ásta Hafsteinsdóttir thryihafsteins@gmail.com

Gestur Þór Óskarsson steinhamar@gmail.com

Halldór Hildimundarson halldor.hildi@gmail.com

Nanna Ósk Jónsdóttir nannaosk@gmail.com

Fulltrúar foreldra í Skólaráði Garðaskóla veturinn 2022 - 2023

Gestur Þór Óskarsson

Halldór Hildimundarson

Fulltrúar foreldra í Grunnstoð veturinn 2022 - 2023:

Hjörtur Jónsson

## SKÓLARÁÐ

Skólastjóri ber ábyrgð á að kalla saman skólaráð ár hvert og stýrir starfi þess. Skólaráð starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157/2008 og er meginverkefni þess að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Í skólaráði sitja tíu fulltrúar: skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, tveir fulltrúar kennara, fulltrúi annarra starfsmanna skólans, tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar nemenda og fulltrúi grenndarsamfélagsins. Starfsreglur og fundargerðir skólaráðs eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

## ÁFALLARÁÐ

Í áfallaráði sátu að venju skólastjóri, ritari, umsjónarmaður fasteignar, náms- og starfsráðgjafar, forstöðumaður Garðalundar og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess hefur Vigdís Björk Agnarsdóttir þroskaþjálfari verið ráðgjafi um ýmis mál. Vigdís sá áfram um að setja saman efni fyrir kynningar til nemenda og starfsmanna á rýmingaráætlun skólans. Hún sér einnig um að yfirfara skyndihjálpartöskur skólans í góðu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing.

Rýmingaráæfing sem allir nemendur og starfsfólk tóku þátt í var haldin á haustönn og gekk vel. Enn er gerð athugasemd við að ekki hafa verið gerðar nægilegar úrbætur á viðvörunarkerfi hússins, svo ekki heyrir til þess í öllum kennslurýmum. Óvænt viðbótar rýmingaráæfing var haldin í janúar í kjölfar þess að nemendur kveiktu ítrekað á áramótasprengjum í húsnæði skólans með þeim afleiðingum að brunaviðvörun fór af stað.

Áfallaráð fylgdist vel með hvort nemendur eða starfsfólk yrði fyrir áföllum. Meira reyndi á þetta meðal starfsmanna þetta skólaárið og eru samúðargjafir frá skólanum sendar viðkomandi við slík tækifæri.



# LÆSI Í GARÐASKÓLA

## Skýrsla læsisteymis Garðaskóla

Læsisteymi Garðaskóla skipa: Hjördís Eva Ólafsdóttir, Hulda Kristmannsdóttir, Ragnhildur Thorlacius, Sigurbjörg Hjartar og Anna Ingibergsdóttir. Skráðar eru fundargerðir eftir hvern fund teymisins og eru þær aðgengilegar á sameiginlegu drifi kennara.

Í ár var annar veturinn þar sem nemendur fengu einkunní yndislestri. Í lok vetrar bar á nokkurri óánægju meðal umsjónarkennara með þá tilhögun og þarf að taka það til umræðu næsta vetur. Yndislestur er skipulagður þannig eins og áður að allir eru í sinni umsjónarstofu og lesa í 20 mínútur dag hvern hjá umsjónarkennara. Til að meta nemendur var skólaárinu skipt í fjórar lotur: Fyrsta lota var frá upphafi skólaárs fram að samráðsdegi í október, önnur lotan fram jólaleyfi, þriðja lotan fram að vetrarleyfi og sú fjórða til loka skólaársins. Nemendur skráðu ekki sérstaklega niður lestur sinn eins og verið hefur undanfarin ár heldur færðu umsjónarkennarar inn frammistöðu sinna nemenda eftir hvern yndislestrartíma. Ýmist notuðu kennarar til þess rafrænt skjal eða skráðu á pappír í sérstakri skráningarmöppu sem þeim var úthlutað. Þessi skráning kennara var svo grunnur að þeirri einkunn sem nemendur fengu í lok hvernar lotu.

Í desember var haldinn árlegur læsisdagur skólans og komu þá rithöfundar í heimsókn og kynntu fyrir nemendum bækur sínar. Nemendur voru almennt áhugasamir og sóttust eftir að fá lánaðar nýútkomnar bækur. Það eru starfsmenn á bókasafni skólans sem höfðu veg og vanda að bókakynningunum og þeir hafa verið duglegir að endurnýja og uppfæra bókakostinn sem hefur mikil áhrif á lestraráhuga nemenda. Einnig halda þeir úti Instagram síðu þar sem nýjar bækur eru kynntar og reynt er að hvetja nemendur til að mæla með skemmtilegum bókum. Bókasafnið gegnir veigamiklu hlutverki í því að styðja við lestraráhuga nemenda. Við búum svo vel í Garðaskóla að safnið er nánast alltaf opið, allir nemendur eru velkomnir og fá aðstoð ef þeir vilja, við að velja sér lesefni.

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir nemendur þrisvar yfir skólaárið í september, janúar og maí, margir umsjónarkennarar sáu um að lestrarþrófa nemendur sína. Almennt er það rætt að með því hafi kennarar betri yfirsýn yfir getu nemenda og eigi auðveldara með að hvetja þá áfram í yndislestrartímum.

Almennt má segja að yndislestrartímarnir hafi gengið vel á skólaárinu, best virðist þó ganga að halda 8. bekk við efnið. Það hefur líka sýnt sig að þegar hver árgangur á að lesa ákveðna bók og hluti af vinnunni með efnið á að fara fram heima þá nýta nemendur yndislestrartímana betur. Einnig má nefna að andrúmsloft í yndislestrartímum byggist á hversu mikinn áhuga kennarar sjálfir hafa á lestri og hversu góðar fyrirmyndir þeir eru.

Það geta flest allir verið sammála um að lestur og lestrargeta er mikilvægur þáttur í skólastarfi því verður þessi hluti að vera í sífellndri endurskoðun og umræðu innan skólans. Nemendur verða að hafa fjölbreytt val um lesefni og gegnir bókasafnið þar lykilhlutverki. Kennarar verða að „vera á tánum“ og brydda upp á nýbreytni og skapa þannig andrúmsloft innan kennslustofunnar að nemendum finnist að tímanum sé vel

varið við lestur á áhugaverðu efni. Við horfum björtum augum til framtíðar þegar vel gengur að kveikja áhuga nemenda.

## UPPLÝSINGATÆKNI

Upplýsingatækni í 8. bekk er orðin föst í sessi og námsefnið aðlagð að þörfum nemenda og krafna um þekkingu á forritum í öðrum námsgreinum. Verkefni í upplýsingatækni eru unnin þverfaglega með t.d. ensku, samfélagsfræði og textíl, eftir því sem við á.

Kennsluráðgjafi hélt áfram að kynna sér möguleika hönnunarsmiðunnar og læra á tæki og tól áður en viðkomandi fór í fæðingarorlof. Við hluta af störfum kennsluráðgjafa, m.a. í hönnun tók þá Ingibjörg Anna Arnarsdóttir. Markmiðið er að halda áfram öfluglu starfi hönnunarsmiðjunnar þar sem áfram verður kennd hönnun fyrir vinylskera, laserskera og þrívíddarprentara, kynnst sýndarveruleika, rafmagnsfræði og margt fleira.

Mikil notkun var á þristinum við upptöku á mynd- og hljóðefni. Í þristinum er grænn veggur ætlaður til bakgrunnsbreytinga. Annar grænn veggur er í almennu rými nemenda á 1. hæð auk þess sem í boði er að fá lánuð græn teppi til að setja upp sem bakgrunn.

Chromebook fartölvur eru mjög vinsælar í kennslu. Þrjár fagdeildir; enska, íslenska og samfélagsfræði, hafa til umráða 30 chromebækur hver og auk þess sem um 70 chromebækur voru til útláns á bókasafninu. Mikil ásókn er í þær velar.

Unnið hefur verið að áhættumati á kennsluforritum í vetur eins og síðasta ár

## HÚSNÆÐI GARÐASKÓLA

Húsnæði Garðaskóla er vel nýtt af skóla, félagsmiðstöð og frístundaheimili. Auk þess starfar vinnuskóli Garðabæjar í húsinu á sumrin og félagasamtökum verið boðin aðstaða til námskeiðahalds og gistingar. Áður en skólaárið hófst var ljóst að Garðaskóli fengi að nýta eina álmu (fjórar kennsustofur) í Flahóskóla undir kennslu. Fljótlega eftir áramót þurfti Garðaskóli þó frá að hverfa þaðan vegna víðtækrar lokunar í húsnæði Flataskóla vegna myglu- og/eða rakaskemmda.

Um páskana kom svo í ljós að loka þurfti nokkrum rýmum í Garðaskóla af sömu ástæðu. Í maí þurfti svo að loka enn fleiri svæðum og reyndist það því töluverðt þúsluspil að ná að klára skólaárið vegna húsnæðisskorts. Áætlað er að fara í viðgerðir á húsnæði skólans í sumar auk þess sem setja á upp fjórar lausar kennslustofur til viðbótar við skólann.

## INNRA OG YTRA MAT

Unnið var samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats frá Menntamálastofnun (MMS). Áætlunin var birt vorið 2019 og uppfærð að beiðni MMS um mitt vor 2020, í febrúar 2021 og í júní 2022. Í vetur var lokaskýrslu svo skilað til MMS og er því eftirfylgd stofnunarinnar lokið.

Skýrslur um niðurstöður innra og ytra mats í Garðaskóla eru birtar á [vef skólans](#). Skólapúlskannanir voru lagðar fyrir nemendur einu sinni í mánuði auk þess sem foreldrakönnun var lögð fyrir í mars.

# ÁRSSKÝRSLUR DEILDA

Í seinni hluta ársskýrslu Garðaskóla má lesa skýrslur fagstjóra, deildarstjóra, náms- og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa og forstöðumanna skólasafns og Garðalundar. Þessar skýrslur segja frá daglegu starfi skólans og leggja á það mat.

## Skýrsla deildarstjóra á sviði nemendamála

Skólaárið 2022-2023 voru tveir deildarstjórar á sviði nemendamála við Garðaskóla; Hjördís Guðný Guðmundsdóttir og Kristjana Fjóla Sigursteinsdóttir.

Deildarstjórar halda utan um dagskrá skólastarfs og upplýsingaflæði, eru tengiliðir allra aðila innan skólans og verkstýra umsjónarkennurum eftir þörfum. Eins halda deildarstjórar utan um viðveru, námsframvindu og líðan nemenda og eru í samstarfi við forráðamenn og annað fagfólk varðandi þau mál ef þurfa þykir. Deildarstjórar koma að skipulagi samráðsfunda og sjá um skipulag og verkefnastjórn á uppbrotsdögum. Þeir sjá um skipulag prófa og eru tengiliðir við Tungumálaver og Tækniskólann (reyndi þó ekki á samstarf við Tækniskólann á þessu skólaári).

Störf deildarstjóra eru margþætt. Þeir vinna með og aðstoða nemendur í margvíslegum málum í samvinnu og samráði við deildarstjóra stoðþjónustu og skólastjórnendur, kennara, forráðamenn, námsráðgjafa og aðra fagaðila skólans. Hlutverk deildarstjóra er að:

- ✓ taka á móti nýjum nemendum og forráðamönnum þeirra, kynna skólann og starfsemi hans og tryggja það að nýir nemendur raðist í rétta hópa og fái aukaaðstoð í einstaka fögum ef þörf er á.
- ✓ aðstoða nemendur við töflubreytingar svo þeir séu í námi við áhuga og hæfi.
- ✓ fylgjast með viðveru nemenda og grípa inn í, eftir ákveðnum verkferlum, ef hnökrar eru á henni.
- ✓ sitja í teymi með námsráðgjöfum ef upp koma eineltis- eða neikvæð samskiptamál. Einnig ef finna þarf aðrar skólalausnir vegna heilsufars nemenda.
- ✓ sitja í nemendaverndarráði og vinna ásamt fagaðilum að lausn allra mála sem að nemendum snúa.
- ✓ vera í reglulegum samskiptum við forráðamenn þeirra barna sem ná ekki að fóta sig að fullu í starfi Garðaskóla og eins þeirra sem lenda í samskiptavanda.
- ✓ skipuleggja allt uppbrotstarf í skólanum bæði hvað varðar tímaskipulag nemenda og starfsmanna í samstarfi félagsmiðstöðina Garðalund og skólastjórnendur.
- ✓ vera í nánu samstarfi við umsjónarkennara og aðra kennara skólans. Hitta umsjónarkennara á reglulegum fundum til þess að skipuleggja starfið framundan og tryggja að allar upplýsingar berist nemendum og forráðamönnum.
- ✓ undirbúa skólasetningu og skólaslit eða annarra tilfallandi verkefna.

## Viðvera nemenda

Skólaárið 2022-2023 var fimmta árið sem unnið var eftir núverandi skólasóknarkerfi Garðabæjar. Kerfið er byggt upp á tveimur viðmiðum, fjölda fjarvistarstiga annars vegar og raunmætingu hins vegar. Farvistarstig voru gefin fyrir eftirfarandi:

Tegund fjarveru	Telur til lækkunar á raunmætingu	Fjarvistarstig til lækkunar á skólasóknareinkunn
Seint	0,33 tími	0,33 stig
Ólögsmæt fjarvera	1 tími	1 stig
Vísað úr kennslustund	1 tími	1 stig

Mætingareinkunn nemenda grundvallaðist af fjölda fjarvistarstiga og var eftirfarandi:

Fjöldi fjarvistastiga	Skólasóknareinkunn að vori
0-2 fjarvistarstig	A
2,1-10 fjarvistastig	B
10,1-14 fjarvistastig	C
>14,1 fjarvistastig	D



Markmiðið með því að aðgreina fjarvistarstig og raunmætingu er að geta kallað fram upplýsingar um hve mikið nemandi er raunverulega viðstaddur í kennslustundum þegar tekið er tillit til leyfa, veikinda, vottorða og annarra þátta sem ekki hafa áhrif á skólasóknareinkunn. Þó svo að það séu fjarvistarstigin sem ákvarði mætingareinkunn nemenda er ekki síður mikilvægt að fylgjast vel með raunmætingu nemenda. Þannig getur nemandi verið með 0 fjarvistarstig en aðeins 60% raunmætingu vegna fjölda leyfis- og/eða veikindadaga. Í þannig tilvikum er einnig nauðsynlegt að bregðast við. Ferlarnir eru skýrir og gera ráð fyrir viðbrögðum við fjarveru nemenda vegna óútskýrðra fjarvistarstiga, veikinda eða leyfa. Allt sem hefur áhrif á raunmætingu nemenda.

Ferillinn sem unnið er eftir lítur svo út:

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
<b>2-7 fjarvistir</b> Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans	<b>10 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
<b>8-14 fjarvistir</b> Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.	<b>15 dagar eða fleiri</b> Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
<b>15-20 fjarvistir</b> Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði	<b>20 dagar eða fleiri</b> Skólastjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
<b>21 eða fleiri fjarvistir</b> Tilkynning til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	<b>Engin breyting til batnaðar á skólasókn</b> Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Vikulega var fjarvistayfirlit allra nemenda sent til foreldra frá skrifstofu skólans. Hálf mánaðarlega tóku deildarstjórar út viðveruna og fór yfir stöðu einstaka nemenda og tóku ákvörðun um næstu skref. Máli nemenda sem ekki sýndu framfarir var að lokum vísað til nemendaverndarráðs. Ef engin úrræði skólans dugðu var ástundun og/eða aðstæður nemenda tilkynntar til barnaverndaryfirvalda. Töluverðar umræður áttu sér stað við BVN um þessar tilkynningar og verklagsreglur í kringum þær.

Við lok skólaárs dreifðust skólasóknareinkunnir eins og hér er sýnt:




Nokkrum nemendum var boðið að gera skólasóknarsamning við deildarstjóra þar sem þeim var gert kleift að bæta skólasóknareinkunn sína um eina einkunn með því að bæta ekki við sig fleiri fjarvistarstigum út önnina. Nokkrir formlegir samningar voru gerðir í ár en árangur þeirra misjafn, nokkuð margir sem fóru á samning tókst ekki að bæta mætingu. Á vitnisburðarblöðum var birt skólasóknareinkunn, en raunviðvera var einnig birt þannig að þótt nemendum tækist að bæta einkunn týndust ekki upplýsingar um raunverulega viðveru þeirra.

Alls voru 120 nemendur með 0 fjarvistastig allt skólaárið 2022-2023, sem er fjölgun frá síðasta skólaári þegar 115 nemendur náðu þeim áfanga. Enginn nemandi náði 100% raunmætingu þetta skólaárið en einn nemandi var með 99,88%. Tveir til þrír nemendur hlutu viðurkenningu við skólaslit/útskrift fyrir framúrskarandi ástundun í hverjum árgangi. Voru þau með 99,29% - 99,88% raunmætingu.

Meðaltal raunmætingar í skólanum var 86,7% en var 97,5% og 91,1% árið áður og meðalfjöldi fjarvistarstiga var 22,13 á mótí 19,7 stigum árið áður og 11,5 stigum árið þar áður. Það er því nauðsynlegt að fylgjast vel með þessari þróun á næstu árum.

Þróun raunmætingar eftir árgöngum er sem hér segir:



Minna álag var á skrifstofu og deildarstjórum við að leiðrétta rangar skráningar í lok skólaárs miðað við árið áður. Ljóst er að sú áhersla sem lögð var á hendur umsjónarkennara, nemenda og foreldra að fylgjast með skólasókn og að gera athugasemdir innan innan tveggja vikna tímaramma ber árangur. Það þarf þó enn að efla þessa vinnu og eftirfylgni hjá foreldrum, kennurum og skrifstofu. Ákveðið hefur verið að stofna sérstakt ástundunarteymi sem mun funda reglulega næsta vetur til að fylgja ástundun betur eftir. Í því samhengi verða tilkynningar til BVN ítarlegri og vonandi færri því markmiðið er að taka fastar á málum innanhúss.

Í upphafi árs var farið yfir verklag um viðverumál með umsjónarkennurum auk þess sem það var rifjað upp reglulega yfir árið. Til stóð að prenta reglulega út viðveruyfirlit fyrir hvern bekk og afhenti umsjónarkennurum til yfirferðar í umsjónartíma. Það gafst vel á haustönn og voru kennarar ánægðir með þá framkvæmd.

## Skólaforðun

Í ár reynum við í fyrsta skiptið að taka sérstaklega saman fjölda skólaforðunarmála eftir árgöngum. Verkið er nokkuð flókið þar sem það vafðist fyrir okkur hvaða skilgreiningu við ættum að vinna eftir. Færa má ákveðin rök fyrir því að allir nemendur sem eru með D í mætingareinkunn séu með skólaforðun. Við hins vegar ákváðum að nota skilgreiningu Reykjavíkurborgar á skólaforðun. Sú skilgreining greinir tilfelli í nokkur stig og þegar farið er eftir þeim stigum þá eru fjórir nemendur í 10. bekk sem eru á stigi 3 sem er alvarlegasta

stigið þar sem skólaforðun hefur átt sér stað í meira en eitt ár (tveir nemendur af fjórum komu í skólann í 10. bekk með skólaforðunarsögu með sér).

Kyn	10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur
Strákar	2	11	4
Stelpur	10	8	9
Kynsegin	1		

### 10. bekkur

Í 10. bekk voru 13 með skilgreinda skólaforðun, 2 drengir, 10 stúlkur og 1 kynsegin. Af þessum 10 stúlkum voru tvær sem komu inn í 10. bekk úr öðrum skólum þar sem þær höfðu glímt við mikla skólaforðun. Einnig voru tvær stúlkur sem hafa verið undir eftirliti BVN í mörg ár komu til okkar í 9. bekk.

Af drengjunum tveimur myndi annar flokkast með stig 3 sem er langvinn alvarleg skólaforðun en hans skólaforðun hefur verið til staðar hjá okkur síðan í 8. bekk en mál hans var tilkynnt til BVN í 9. bekk.

Hinn drengurinn myndi flokkast sem stig 2 þar sem hans skólaforðun byrjaði í 10. bekk og var hans máli vísað í heilsugæsluteymi þar sem hann fékk viðunandi aðstoð og mætti hann örlítið betur undir lok skólaárs.

Í tilfelli stúlnanna þá eru tilfelli nokkuð ólík. Sumar af stúlkunum búa við sérstakar aðstæður þar sem lítið eftirlit er haft með þeim og skólaganga þeirra hefur verið stopul frá upphafi. Aðrar glíma við mikinn tilfinningavanda en þær eiga það sameiginlegt að öllum þessum málum var vísað til BVN og sumar fengu MST fulltrúa inn á heimilin til að vinna með fjölskyldu til að setja ramma og reglur. Í einhverjum tilfellum tókst vel til þar sem nemandi fór að mæta betur í skólann.

### 9. bekkur

Í 9. bekk er einn nemandi sem er á stigi 3 en sá nemandi hefur glímt við skólaforðun í mörg ár og er hjá BVN Hafnarfjarðar. Aðrir sem eru með slaka mætingu og komust á listann hjá okkur hafa meira og minna verið í skólanum allan tímann en sækja ekki endilega alla tíma eða koma mikið seint. Í sumum tilfellum hafa nemendur verið að forðast ákveðin fög en í öðrum tilfellum hafa nemendur mætt vel inn á milli en hafa svo verið mikið fjarverandi vegna ákveðinna atvika sem hafa komið upp í þeirra lífi. Það hefur verið nokkuð erfitt að kortleggja sum þessara tilfella þar sem sumir foreldrar biðja oft um leyfi eða skrá nemendur veika í stað þess að setja sig í samband við skólann og útskýra að barnið fáist ekki í skólann.

### 8. bekkur

Í 8. bekk eru 4 drengir sem falla undir þessa skilgreiningu og 9 stúlkur. Tvær af þeim eru alvarlega veikar og undir læknishendi en grunur um að sumar fjarverurnar tengist skólaforðun frekar en veikindum þeirra.



## Viðburðir og uppbrot í skólastarfi

Að vanda var skólaárið fjölbreytt og reynt að bjóða nemendum upp á reglulega viðburði og uppbrot á hefðbundinni stundaskrá. Eitt af verkefnum deildarstjóra nemendamála var að halda utan um skipulag skólastarfs í kringum þessa viðburði og uppbrotsdaga í skólanum. Margir starfsmenn unnu að undirbúningi verkefna en endanlegt skipulag og verkstjórn starfsmanna var á höndum deildarstjóra og aðstoðarskólustjóra. Skipulag Gagn og gamans var sem fyrr í höndum Ragnheiðar Stephensen sem í samstarfi við Garðalund tók í notkun app til að auðvelda utanumhald og val nemenda.

Dags.	Viðburður / uppbrot
22. september	Námskynningar. Umsjónarkennarar hittu forráðafólk á morgunfundi.
26. sept-13. okt	Bekkjarkvöld með forráðafólki og nemendum í 8. bekk. IAA og JME héldu utan um þetta.
5.-12. október	Forvarnarvika Garðabæjar. <i>Samverustundir með fjölskyldunni.</i>
27. október	Samráðsdagur heimila og skóla.
2. nóvember	10. bekkur fór á <i>Góðan daginn faggi</i> í boði Þjóðleikhússins. (Skólinn kostaði rútur).
3.-5. nóvember	Gagn og gaman dagar.
11. nóvember	Afmæli Garðaskóla í höndum félagsmálavals.
19. desember	Læsisdagur í Garðaskóla. Smiðjur og gestafyrirlesarar (Hlynur Þorsteinsson og Kjartan Atli í 8. bekk. Ævar Þór Benediktsson í 9. bekk og Þorgrímur Þráinsson í 10. bekk).
20. desember	Jólaskemmtun, árgangaskipt þar sem nemendur fengu heitt súkkulaði og smákökur og nemendur og kennarar dönsuðu í kringum jólatré.
2. janúar	Heilsueflingardagur. Á fyrsta skóladegi ársins var hugað að andlegri heilsu og nemenda með svefnfyrirlestri.
31. janúar	Samráðsdagur heimila og skóla.
23. febrúar	Valgreinakynningar fyrir nemendur og forráðamenn send heim í tölvupósti.
23. febrúar	Valgreinar kynntar í umsjón fyrir nemendum í 8. og 9. bekk
2. mars	Starfamessa.
8. - 10. mars	Skíðaferð 10. bekkja norður á Akureyri.
8.-9. mars	Skíðaferð 9. bekkja í Bláfjöllum (ekki hægt að skíða svo breyttist í útivistarferð).
9. mars	Skíðaferð 8. bekkja áætluð en hætt við þar sem ekki var hægt að skíða.

16. 23. og 30. mars	Könnunin <i>Ungt fólk</i> lögð fyrir í umsjón, byrjuðum á 8. bekk svo 9. og 10. (Ungt fólk)
21. apríl	Árshátíð Garðaskóla í Ásgarði
30. maí – 5. júní	Útivistardagur 8. bekkja við Hvaleyrarvatn. Þrískiptum árganginum. Bæjarferð/Húsdýragarður/Víðistaðatún
30. maí – 1. júní	Vorferðir 9. bekkja. (Tvískiptum árganginum). Ratleikur í Hf. og bókaskil á móti vorferð
2. júní	Garðaskólaleikarnir í 9. bekk
5. júní	<i>Stelpur og tækni</i> (stúlkur í 9. bekk í ferð á vegur HR) /Strákar og færni í 9. bekk
30.31.maí -1. júní	Vorferð 10. bekkja í Vatnaskóg
6. júní	Heilsueflingardagur Garðaskóla.
6. júní	Útskrift 10. bekkja (kl. 17:00, haldin í gryfjunni í stað Ásgarðs v/verkfalls)
7. júní	Skólaslit.

Upplýsingaflæði milli stjórnenda og kennara vegna þessara viðburða gekk í langflestum tilfellum vel en í ár var það ekki í höndum Garðalundar að senda bréf til forráðafólks vegna vorferða svo þó fóru of seint út en á næsta ári verður því kippt í liðinn. Töluvert var um forföll (skammtíma og langvarandi) umsjónarkennara sem þurfti að leysa og hafði það óneitanlega áhrif á þátttöku og andann í þeim bekkjum þar sem það átti við en þá kom sér vel hvað aðrir kennarar voru tilbúnir að stíga inn í forföll í vordagskrá.

## Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu

Í vetur gegndi Hjördís Eva Ólafsdóttir starfi deildarstjóra stoðþjónustu í forföllum fyrir Guðnýju Þóru Friðriksdóttur sem var í námsleyfi. Annað starfsfólk stoðþjónustunnar var sem hér segir:

- Andrés Pétur Þorvaldsson, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur).
- Aron Fannar Sigurgeirsson, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur).
- Anna Lena Halldórsdóttir, kennari (kennsla í hægferð í ensku).
- Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir, kennari (sérkennsla í stærðfræði og íslensku í námsveri, heimanámstímar og stuðningskennsla).
- Árni Freyr Thoralcus Sigurlaugsson, kennari (almenn sérkennsla / stuðningstímar í námsveri).
- Bjarki Freyr Ólafsson, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur).
- Elena Einisdóttir, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði og stærðfræði í námsveri).

- Elsa Dórothea Kjartansdóttir, kennari (sérkennsla í stærðfræði og íslensku í námsveri, hægferð í ensku, stuðningskennsla).
- Elías Sólmundarson, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði og stærðfræði í námsveri)
- Elísa Dögg Helgadóttir, kennari ( kennsla í hægferð í dönsku)
- Erla Hrönn Randversdóttir, kennari (kennsla í hægferð í dönsku)
- Eydís Eva Pálsdóttir, yfirproskapjálfi (skipulag, stuðningur og umsjón með námi og kennslu nemenda í 10. bekk, stuðningur við einstaka nemendur, félagsfærniþjálfun, verkstýring stuðningsfulltrúa)
- Guðný Þóra Friðriksdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu – námsleyfi veturinn 2022-2023
- Guðný Rut Gylfadóttir, kennari (kennsla í hægferð í dönsku)
- Halla Hrafnkelsdóttir Thorlacius, kennari ( kennsla í hægferð í ensku)
- Hjördís Eva Ólafsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu
- Hulda Björk Guðmundsdóttir, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði)
- Ísak Örn Valdimarsson, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur)
- Karl Pálsson, kennari (kennsla í hægferð í íslensku)
- Katrín Halldórsdóttir, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði og stærðfræði í námsveri)
- Katrín Louise Hamilton, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur)
- Kristinn Sigurbergsson, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði og stærðfræði í námsveri)
- Kristín Sigurleifsdóttir, kennari (íslenska sem annað mál/stuðningur við tvítýngda)
- Ragnhildur Katla Jónsdóttir, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur)
- Ragnheiður Stephensen, kennari ( kennsla í hægferð í stærðfræði)
- Rúna Björk Þorsteinsdóttir, kennari (kennsla í hægferð í íslensku)
- Sigurbjörg Hjartardóttir, kennari (sérkennsla í íslensku og stærðfræði, stuðningur inn í bekki)
- Sigurður Árni Gíslason, stuðningsfulltrúi (almennur stuðningur við nemendur)
- Svandís Ríkharðsdóttir, kennari (kennsla í hægferð í stærðfræði og stærðfræði í námsveri)
- Vigdís Björk Agnarsdóttir, yfirproskapjálfi (stuðningur við einstaka nemendur í 8., 9. og 10.bekk, stuðningur við einstaka nemendur, félagsfærniþjálfun, verkstýring stuðningsfulltrúa)
- Vigdís Thordersen, kennari (kennsla í hægferð í dönsku)

## Aðstaða

Námsverið hefur til afnota fjögur rými á 2. hæð í aðalbyggingu skólans (merkt 200, 205, 206 og 207). Einnig hefur námsverið til afnota tvö lítil rými í viðbyggingu (merkt 300 og 310) og þá hafði Garðaskóli til afnota eina kennslustofu í Flataskóla undir námsver-sérúrræða ca. hálf t skólaárið áður en mygluvandræði gerðu vart við sig þar. Reynt er eftir megni að veita þjónustu inn í námshópa í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum. Aðstöðuleysi háir starfsemi stoðþjónustunnar. Skortur er á litlum rýmum til að hægt sé að taka einstaka nemendur og litla hópa út úr almennum kennslustundum í því skyni að veita einstaklingsmiðaðri þjónustu.

## Stuðningsfulltrúar

Sjö stuðningsfulltrúar störfuðu við skólann í vetur í 50-100% stöðuhlutfalli. Stöðugildin voru 6 talsins. Stuðningurinn nýttist nemendum í öllum árgöngum. Stuðningsfulltrúarnir veita stuðning bæði inn í bóklegar og verklegar greinar, sem og fylgd í matartíma og frímínútum eftir þörfum.

## Þroskaþjálfar

Tveir yfirþroskaþjálfar báðir í 100 % stöðu voru starfandi við skólann í vetur. Þroskaþjálfar sinna stuðningi við nemendur og hópa inn í bekkjum og eru í samstarfi við kennara varðandi aðlögun og útfærslu verkefna fyrir nemendur sem þess þurfa. Einnig hafa þeir leiðbeint stuðningsfulltrúum í þeirra verkefnum. Þroskaþjálfar útbúa og útfæra einstaklingsnámskrár fyrir fatlaða nemendur og eru tengiliðir við fjölskyldur þeirra. Þeir sinna þjálfun og kennslu fatlaðra nemenda og finna leiðir til þess að nemendur geti sótt kennslustundir inn í ferðakerfið. Einnig sinna þeir atferlis- og félagsfærniþjálfun bæði inn í hópa og á einstaklingsgrundvelli.

## Samstarf

Í upphafi skólaárs hélt deildarstjóri samráðsfundi með foreldrum fjölmargra nemenda í þeim tilgangi að sérsníða stundartöflur þeirra. Oft var einhver annar fagaðili frá skólanum með á þessum fundum s.s. námsráðgjafi, umsjónarkennari eða deildarstjóri nemendamála. Misjafnt var hvort nemendur sátu fundina og er það yfirleitt sett í hendur foreldra. Fundir sem þessir hafa reynst afar vel og skilað sátt og sameiginlegum skilningi á þörfum þess nemanda sem um ræðir. Það er afar mikilvægt að stundatafla nemenda sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu sé tilbúin og þurfi ekki mikilla breytinga við eftir að skóli hefst, það skapar festu og öryggi fyrir þá.

Í upphafi skólaárs voru upplýsingafundir haldnir með umsjónarkennurum 8. bekkja sem voru að taka við nýnemum. Þroskaþjálfar hafa fundað einu sinni í viku með stuðningfulltrúum. Einnig var haldinn starfsmannafundur í byrjun september þar sem farið var yfir þá nemendur sem allir starfsmenn skólans þurfa að þekkja til að geta brugðist við málum sem koma upp jafnt í kennslustundum og á göngum skólans.

Fundir vegna lestrargreininga eru haldnir með viðkomandi nemanda og foreldrum hans. Deildarstjóri sinnir lestrargreiningum og heldur skilafundi og situr einnig skilafundi vegna sálfræðigreininga.

Deildarstjóri stoðþjónustu situr skilafundi vegna flutnings nemenda milli skólastiga og hittir kennara barnaskólanna og framhaldsskólanna ef þess er óskað. Tilgangur fundanna er að miðla upplýsingum um nemendur.

### **Nemendaverndarráð Garðaskóla**

Deildarstjóri situr vikulega fundi nemendaverndarráð skólans. Einnig er haldin stór fundur 1x í mánuði með BVN Garðabæjar og skólasálfræðingi Garðaskóla.

### **Teymisvinna**

Teymi eru sett saman vegna nemenda með fatlanir eða aðrar raskanir sem þurfa sérhæfða og samhæfða þjónustu. Einnig hafa verið starfandi teymi vegna nemenda með skólaforðun og kvíða. Fjöldmörg teymi voru starfrækt í vetur. Misjafnt er hvaða starfsmenn vinna í teyminu það fer eftir þörfum hvers nemanda fyrir sig. Foreldri/foreldrar sitja allaf í teymi barnsins síns og oft aðilar frá skólaskrifstofu, félagsþjónustu eða heilsugæslu. Hlutverk teymisins er að finna leiðir fyrir nemandann til að eflast og þroskast og takast á við verkefni skóladagsins.

### **Atvinnutengt nám**

Tveir nemendur stunduðu atvinnutengt nám á skólaárinu 2022-2023, um lengri eða skemmri tíma, allt frá 2 stundum á viku til 6 stunda á viku. Í staðinn veitir skólinn nemendum afslátt af valgreinum eða þeir fá undanþágu í einhverri námsgrein. Vinnuskóli Garðabæjar hefur greitt nemendum laun samkvæmt kjarasamningum. Samstarf skólans við vinnuskólann hefur gengið vel og sameiginlegur skilningur á þörfum nemendanna hefur verið til staðar. Nemendur sem veljast í atvinnutengt nám upplifa oft skólaleiða, sýna litla virkni í námi og ástundun er oft ábótavant. Reynt hefur verið að leita fanga á vinnustöðum sem tengjast áhugasviði nemenda. Tilgangurinn með atvinnutengdu námi er m.a. sú að ná upp virkni hjá nemendum, bæta líðan og styrkja sjálfsmynd þeirra.

### **Íslenska sem annað mál**

Skólaárið 2022-2023 voru skipulagðar 17 x 55 mínútna kennslustundir á viku, í námverinu, fyrir nýbúa, tvítýngda nemendur og Íslendinga sem hafa búið lengi erlendis. Alls þáðu 44 nemendur þessa þjónustu sumir einn tíma á viku en aðrir fleiri. Allir þeir nemendur sem um ræðir sóttu íslenskukennslu í almennum hópum og fengu tímana í námsverinu að auki.

### **Félagsfærniþjálfun**

Þær Eydís Eva Pálsdóttir og Vigdís Björk Agnardóttir yfirproskapjálfa þjálfu félagsfærni. Félagfærni skiptir miklu máli í daglegu lífi og ef nemandi hefur ekki náð að mynda eðlileg félagstengsl í hópi jafnaldra þarf að grípa inn í. Félagfærniþjálfun þarf að gefa góðan tíma og mikilvægt er að byggja upp traust á milli nemanda og þroskapjálfa. Nemandinn þarf að eiga fasta tíma yfir ákveðið tímabil, sumir þurfa lengri tíma en aðrir. Grunnatriði er að einstaklingsmiða þjálfunina og setja raunhæf markmið fyrir hvern og einn. Félagfærni fer einnig fram í almennum kennslustundum. Í þeim aðstæðum er teymisvinna á milli þroskapjálfa, kennara, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa mikilvæg.

Skólaárið 2022-2023 þáðu tuttugu og sjö nemendur skipulagða félagsfærniþjálfun til lengri eða skemmri tíma, flestir allan veturinn.

## Logos lestrargreiningar

Lagðar voru fyrir alls 10 Logos lestrargreiningar á skólaárinu allt frumgreiningar en þá hafa nemendur aldrei farið áður í lestrargreiningu. Einn nemandi skilaði sér ekki í boðaðan tíma.

## Logos endurmat

Lagt var fyrir alls 13 Logos endurmat á lestrargreiningu. Þeir nemendur sem fara í endurmat á lestrargreiningu hafa farið í fulla greiningu á yngsta eða miðstigi hjá Logos og eru skráðir með dyslexiu /lesblindu. Endurmat gefur nýrri og betri niðurstöður fyrir framhaldsskóla og háskóla og staðfestir fyrri greiningu.

## Þjónusta við lesblinda

Allir nemendur í Garðaskóla sem hafa formlega greiningu á lestrarerfiðleikum hafa aðgang að Hljóðbókasafni Íslands. Nemendur geta halað niður efni á hljóðrænu formi beint af vef safnsins. Allar skáldsögur sem lesnar eru í skólanum eru aðgengilegar hjá Hljóðbókasafninu. Á vef Menntamálastofnunar eru allar námsbækur sem gefnar eru út hjá stofnuninni aðgengilegar sem hljóðbækur og/eða rafbækur.

Nemendur með lesblindu eiga rétt á lengri tíma til að taka próf. Þeir fá mp3 spilara á borðið sitt í prófaðstæðum og geta hlustað á prófið í stað þess að þurfa að reiða sig á lestur.

## Námsver

Í námsveri fá nemendur aðstoð og stuðning við námsefni sem verið er að kenna út í hópunum. Töluvert margir nemendur nýta sér námsverið og eru námsverstímar oftast viðbót við hefðbundna stundartöflu. Námsver Garðaskóla er þrí-skipt.

- Námsver almennt: Veitir aðstoð í stærðfræði, íslensku, ensku og heimanámsaðstoð. Ýmist sem auka-tímar eða fleiri en einn tíma á viku í námsgreininni. Mismunandi kennarar koma að því námsveri.
- Námsver-sérúrræða: er þróunarverkefni sem byrjaði sl. skólaár fyrir þá nemendur sem glíma við mikla skólaforðun. Einn sérkennari kemur að því og þar er markmið námsversins að nemandanum líði vel í skólanum og öðlist öryggi og traust til skólans til að takast á við þau verkefni sem bíða hans þar. Nemandanum er mætt á þeim stað þar sem hann er, áherslan er lögð á líðanina hjá nemandanum og síðan námið.
- Námsver 205: Er heimanámsstofa þeirra nemenda sem fylgja ekki hefðbundnu bóknámi hér í Garðaskóla. 2 nemendur hafa verið í námsveri 205 sl. skólaár og hafa 2 sérkennarar, 6 stuðningsfulltrúar og 1 þroskaþjálfari komið að því námsveri.

Reynslan sýnir að mun fleiri nemendur sækjast eftir aðstoð í stærðfræði en í nokkurri annarri grein. Námsverstímar geta verið mislangir frá 40 mínútum og upp í 55 mínútur.

Ákveðnir nemendur hafa þörf fyrir sértæk úrræði við próftöku vegna kvíða, einbeitingarferfiðleika eða lestrartengdra erfiðleika. Nemendur sem eru með greiningu eiga rétt á lengri próftíma og rólegum prófaðstæðum. Í prófum eiga allir lesblindir nemendur kost á því að nota mp3 spilara sem búið er að hlaða prófgögnum inn á. Með þessari tækni hafa nemendur tækifæri til að sér nýta hlustun sem stuðning við ritmál. Stöðugt fleiri nemendur nýta sér þessa þjónustu. Í lokaprófum taka ofangreindir nemendur próf í stofum en ekki á sal.

## Námskrár og námsmat

Margir nemendur sem fá þjónustu í námsverinu eru ekki á einstaklingsnámskrá heldur fá þeir stuðning við að ná almennum hæfniviðmiðunum. Nemendur sem geta ekki fylgt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn eru með einstaklingsnámskrá. Lögð er áhersla á að einstaklingsnámskrár séu aðgengilegar nemendum, foreldrum og kennurum og stuðli að samfellu í námi þegar nemandinn flyst milli hópa og árganga. Fagkennari útbýr einstaklingsnámskrár en umsjónarkennarar sjá um að fá undirskrift foreldra. Deildarstjóri heldur þeim til haga þannig að þær séu aðgengilegar fyrir þá sem þurfa að nálgast þær. Ef nemendur eru með miklar sérþarfir þarf stöðugt að endurmeta einstaklingsnámskrár þeirra og breyta þeim hæfniviðmiðum sem sett voru fram. Námsframvinda nemenda ræðst af dagsforminu og stundum koma dagar þar sem vinnan fylgir engum áætlunum. Aðlögun á námsefni og námsmati er ýmist í höndum fagstjóra, fagkennara, þroskaþjálfara eða sérkennara.

Nemendur geta fengið undanþágu frá skyldunámsgrein af ýmsum ástæðum. Foreldrar og skólastjóri verða að samþykka slíka undanþágu og þær eru ekki veittar nema að vel ígrunduðu máli því þetta úrræði getur skert möguleika nemenda þegar í framhaldsskóla kemur. Í vetur hafa nemendur á vegum sérkennslunnar aðallega fengið undanþágu frá námi í náttúrufræði/ dönsku.


## Stuðningur og sérkennsla í 8. bekk

Stuðningur við nám og sérkennsla nemenda í 8. bekk er oftast skipulögð inn í viðkomandi fagtíma. Skipulag var með ýmsu móti, stundum kom sérkennari/þroskaþjálfari/stuðningsfulltrúi inn í bekkinn en í öðrum tilvikum voru litlir hópar skipulagðir og nemendum kennt í minni hóp. Nemendum í 8. bekk í stærðfræði var skipt niður í hópa eftir námsþörfum með skipulegum hætti líkt og í 9. og 10. bekk. Þá voru settir inn 3 hópar í auka-tíma í íslensku fyrir tvítyngda-nemendur og nemendur með mikla málþroskaröskun.

Skólaárið 2022-2023 voru 30 nemendur af 216 nemendum árgangsins, 16 drengir og 14 stúlkur, með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat í einhverri námsgrein, flestir aðeins í einni grein (stærðfræði og/eða íslensku).

**Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá**

### Nemendur 8. bekkja skólaárið 2022-2023




- Nemendur sem vinna samkv. einstaklingsm. hæfniviðmiðum
- Nemendur sem vinna samkv. hæfniviðmiðum árgangsins

Skólaárið 2022-2023 þáðu 59 nemendur í 8. bekkjum stuðning eða sérkennslu af einhverju tagi. Þetta er um 27% af nemendum árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í íslensku og stærðfræði.

### Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 8. bekkjum skólaárið 2022-2023.

#### Yfirlit yfir stuðning og sérkennslu í 8. bekk skólaárið 2022-2023



### Stuðningur og sérkennsla í 9. bekk


Nemendum í 9. bekkjum er skipt upp í hópa eftir námsþörfum. Nemendur sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu, og ná ekki að vinna samkvæmt þeim hæfniviðmiðunum sem settar eru fyrir árganginn, raðast í hægferðir í kjarnagreinum. Árgangurinn einkenndist af töluvert stórum hópi nemenda, með fjölbættar námsþarfir, sem þurftu stuðning og öðruvísi nálgun í kennsluháttum. Í hægferð í stærðfræði kenndu fjórir kennarar stórum hópi nemenda sem þurftu mikla einstaklingsmiðun. Nemendum var oftast skipt upp í þrjá hópa en stundum voru hóparnir fleiri og smærri. Ýmsar forsendur lágu til grundvallar hópaskiptingu og stundum voru nemendur færðir á milli hópa í því skyni að skapa þeim eins góð skilyrði til náms og mögulegt var.

Tveir faggreinakennarar og sérkennari sáu um kennslu í hægferð í íslensku og sama módel var notað fyrir hægferð í ensku. Lítil hægferð var í dönsku í 9. bekk og sáu tveir kennarar um kennsluna.



Skólaárið 2022-2023 voru 46 nemendur, af 204 nemendum sem voru í árganginum, í 9. bekk með einstaklingsnámskrá þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagað námsefni og námsmat í einni eða fleiri greinum.

**Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá**



Skólaárið 2022-2023 þáðu 65 nemendur í 9. bekk sérkennslu (hægferðahópar) eða stuðning í námsveri þ.e. 55 drengir og 10 stúlkur. Þetta eru 27% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði, íslensku og íslensku2.

**Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 9. bekk skólaárið 2022-2023.**




## Stuðningur og sérkennsla í 10. bekk

Próunin varðandi hægferðir í 10. bekk hefur verið í þá átt að sem flestum nemendum standi til boða að reyna sig við almennt grunnskólapróf í dönsku, íslensku, stærðfræði og ensku. Nemendur sem hafa verið í hægferðum í 8. og 9. bekk hafa oft nýtt tímann vel og aukið við færni sína og eru betur í stakk búnir til að takast á við almenn námsmarkmið í 10. bekk. Eðli málsins samkvæmt eru því færri nemendur með einstaklingsnámskrá í 10. bekk en voru í 9. bekk. Skólaárið 2022-2023 voru engar hægferðir í íslensku heldur voru hóparnir hafðir litlir eða mannaðir tveimur kennurum. Í dönsku og ensku sinntu tveir kennarar litlum hópi þar sem allir nemendur tóku almennt grunnskólapróf í dönsku og ensku. Einn námsvershópur var í ensku í 10. bekk. Í stærðfræði voru starfræktir tveir hægferðahópar annar þeirra var lítill en hinn stærri þar sem voru tveir kennarar. Nokkrir nemendur í hægferð í stærðfræði þreyttu almenn próf í stærðfræði í lok 10. bekkjar og náðu góðum árangri og sýndu töluverðar framfarir.

Skólaárið 2022-2023 voru 24 nemendur, af 202 nemendum árgangsins, í 10. bekk með einstaklingsnámskrá í stærðfræði og/eða íslensku/ensku þ.e. einstaklingsmiðuð hæfniviðmið og aðlagð námsefni og námsmat. Þetta eru um 12% nemenda árgangsins.


### Myndin sýnir hvað mörg % nemenda í árgangi eru með einstaklingsnámskrá



Skólaárið 2022-2023 þáðu 49 nemendur í 10. bekk sérkennslu (hægferðahópur) eða stuðning í námsveri þ.e. 21 drengir og 28 stúlkur. Þetta eru um 24% nemenda árgangsins. Mestur stuðningur var veittur í stærðfræði.

### Myndin sýnir yfirlit yfir sérkennslu og stuðning í 10. bekk skólaárið 2022-2023

## Yfirlit yfir stuðning og sérkennsku í 10. bekkjum skólaárið 2022-2023




- Drengir í 10. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Stúlkur í 10. bekk sem fengu stuðning/sérkennslu
- Nemendur í 10. bekk án stuðnings og sérkennslu

## Lesferill

Skólaárið 2022 -2023 voru lesfimiþróf MMS lögð fyrir alla nemendur skólans þrisvar sinnum þ.e. í september, janúar og maí. Lesfimiþrófin eru unnin af Menntamálastofnun. Prófin mæla leshraða og eru stöðluð miðað við aldur nemenda. Niðurstöður eru skráðar í svokallaðan lesferil. Hver og einn nemandi á sinn lesferil sem spannar alla grunnskólagönguna og flyst á milli skóla.


Almenn ánægja er með þessar mælingar meðal nemenda, foreldra og starfsmanna skólans. Flestir nemendur setja sér markmið um bætingu á leshraða og þeir nemendur sem nýta vel yndislestrarstundirnar í skólanum sjá undantekningalaust framfarir. Umsjónarkennurum er gefinn kostur á því að lestrarprófa sína nemendur og valdi meirihluti umsjónarkennara að gera það. Með þessu fá þeir meiri tilfinningu fyrir hvar nemendur eru staddir í lestri og geta betur stutt við þá í yndislestrartímum.

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum Garðaskóli, maí 2023



Myndin að ofan er úr gögnum frá Menntamálastofnun. Ef við berum árangur nemenda í 10. bekk saman við viðmið MMS sjáum við að fleiri nemendur þ.e. 20% eru undir lágmarksviðmiðunum heldur en MMS gerir ráð fyrir eða 10%. Samkvæmt viðmiðunum MMS eiga 40% nemenda að vera á milli viðmiða 1 og 2 en í Garðaskóla eru það um 23% nemenda. 31% nemenda okkar í 10. bekk, eru á milli viðmiða 2 og 3 en þar gerir MMS ráð fyrir 40% nemenda. Að lokum sést að 26% nemenda í 10. bekk Garðaskóla lesa yfir viðmiði 3 en samkvæmt líkani MMS er gert ráð fyrir 25%.

Draga má þá ályktun út frá þessum upplýsingum að meðalleshraði nemenda í Garðaskóla sé þokkalega góður þó enn séu of margir sem ná ekki lágmarksviðmiðunum. Fleiri nemendur eru yfir viðmiði 3 en MMS gerir ráð fyrir og er það til marks um góðan árangur nemenda í 10. bekk.



Myndin hér að ofan sýnir að nemendur Garðaskóla eru töluvert fyrir ofan landsmeðaltal þegar leshraði er skoðaður. Meðalleshraði hjá nemendum Garðaskóla, við lok skólagöngu í 10. bekk, eru 180 orð á mínútu meðan landsmeðaltal er 166 orð á mínútu. Ef gengið er út frá meðalleshraða allra nemenda þá hafa nemendur í Garðaskóla náð góðum árangri. Samkvæmt upplýsingum frá MMS er meðalárangur nemenda, í Garðaskóla, í leshraða í 8. bekk 167 orð á mínútu (lágmarksviðmið 135 orð), meðalárangur nemenda í 9. bekk 182 orð (lágmarksviðmið 140 orð) og meðalárangur nemenda í 10. bekk 180 orð á mínútu (lágmarksviðmið 145 orð).

Yndislestur er stundaður í Garðaskóla 20 mínútur á hverjum skóladegi. Draga má þá ályktun að sá lestur skili þessum góða árangri nemenda.

Hjördís Eva Ólafsdóttir. Deildarstjóri stoðþjónustu.

## Skýrsla fagstjóra í dönsku

Kennarar í dönsku í vetur voru: Elísa Dögg Helgadóttir, Erla Hrönn Randversdóttir, Guðný Rut Gylfadóttir fagstjóri og Vigdís Thordersen.

## Skipulag

Skipulag dönskudeildar er með þeim hætti að allir nemendur í 8. bekk eru í sama námsefni og fara að mestu leyti á sama hraða í gegnum efnið. Ferðir í dönskudeild voru þrjár í 9. bekk, hægferð, miðferð og hraðferð. Í hægferðinni voru tveir kennarar sem kenndu einum hópi. Í 10. bekk voru ferðirnar þrjár, ein hægferð með tveimur kennurum, miðferð og hraðferð. Skipt er í ferðir að mestu eftir námsárangri. Námsefni, verkefni og próf mið- og hraðferða eru þau sömu en áherslumunur ferðanna felst í því að hóparnir í miðferð eru fámennari í þeim tilgangi að hver nemandi fái meiri tíma með kennara til aðstoðar við námið. Hægferð fær aðlagð námsefni ásamt því að tveir kennarar eru með hægferðarhópinn. Námsefnið og kennslan í hægferð er unnið út frá því að nemendur erun undibúnir til að taka lokapróf með mið- og hraðferðum og átt kost á að flytjast milli ferða frá 9. til 10. bekkjar og taka almennt lokapróf í dönsku við lok grunnskóla. Kennarar leggja sig fram við að upplýsa nemendur um ferðafyrirkomulag og markmið þeirrar ferðar sem þeir eru skráðir í og að bættur eða slakari árangur í 9. bekk getur þýtt flutning milli ferða í 10. bekk. Í ár flytjast nokkrir einstaklingar milli ferða í 10. bekk.

## Helstu áherslur í kennsluháttum og námi

Í vetur héldum við áfram að vinna námsefni vetrarins í lotum sem við byrjuðum á sl. vetur og voru 4 lotur í flestum árgöngum. Loturnar virka þannig að nemendur fá að vita í upphafi hvernar lotu hver markmiðin eru og hvaða verkefni og próf verða lögð fyrir. Reynt er að dreifa hæfniviðmiðum fagsins eins jafnt og kostur er og leitast við að nemendur séu meðvitaðir um hvaða þætti verið er að vinna með hverju sinni. Deildin er í stöðugri þróun í öllu sínu starfi og í vetur skiptum við út nokkrum eldri verkefnum fyrir ný til að koma til móts við nýjar áherslur og kröfur nemenda. 8. og 9. bekkur tóku rafræn próf í vor og gekk það ágætlega, stefnan er tekin á að hafa prófin á rafrænuformi fyrir alla árganga eins og hægt er.

## Skýrsla fagstjóra í ensku

Kennarar í ensku í vetur voru; Anna Lena Halldórsdóttir, Elfa Huld Haraldsdóttir, Halla Thorlacius, Ingibjörg Anna Arnardóttir og Sigurður Stefán Haraldsson.

## Skipulag

Ekki var skipt í ferðir í 8. bekk en 2 nemendur unnu eftir kennsluáætlun 9. bekkjar munu því verða í 10. Bekkjar hópi á næsta skólaári. Aðrir nemendur í 8. bekk voru með sama námsefni en yfirferð og námsmat var einstaklingsmiðað eftir þörfum. Í öllum árgöngum eru hæfnimarkmið og matsviðmið einstaka verkefna kynnt fyrir nemendum í upphafi verkefnavinnunnar, svo þeir viti til hvers er ætlast af þeim og hvaða þættir verkefnisins eru metnir (leiðsagnarmat) í samræmi við áherslur í aðalnámsskrá gunnskóla.

Nemendur í 9. bekk skiptust í hægferð, mið/hraðferð og flugferð. Í hægferð er áherslan á að styrkja grunnfærni nemenda í ensku, hvað varðar orðaforða, máltilfinningu og lesskilning og undirbúa þá til að takast á við meira krefjandi verkefni. Í mið/hraðferð er byggt ofan á þá þekkingu og færni sem náðist í 8. bekk með

meiri áherslu á lestur ýmiss konar texta, tileinkun orðaforða, ritun efnisgreina og uppsetningu ritgerða. Nemendur í flugferð ljúka námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári sem krefst þess að þeir vinni jafnt og þétt, taki meiri ábyrgð á eigin námi og geti unnið sjálfstætt.

Nemendum í 10. bekk var raðað í miðferð, hraðferð og framhaldsskólahóp. Nemendur í framhaldsskólahópi unnu með efni á framhaldsskólastigi og tóku síðan lokapróf að vori á vegum Fjölbrautaskólans í Garðabæ (FG). Í ár voru 2 hópar í framhaldsskóla ensku og stóð nemendur sig með mikilli þrýði. Nemendur í hraðferð lásu lengri og meira krefjandi texta um fjölbreytileg efni. Lögð var áhersla á að afla sér upplýsinga um tiltekin málefni, vinna í auknum mæli með heimildir, spyrja gagnrýnna spurninga og tjá sig munnlega og skriflega á skipulegan hátt. Miðferðarhóparnir voru fámennari en hraðferðirnar en lögð var áhersla á lestur lengri texta, tileinkun orðaforða og formlega ritun. Nemendur unnu að mestu leyti með efni hraðferðar en það var aðlagð að þeirra getu með því að sérsníða sum verkefni/próf, auk þess sem yfirferðin var hægari en í hraðferð. Gerðar voru breytingar á skipulagi og uppsetningu á verkefnum og vinnu í miðferðarhópnum sem þóttu takast mjög vel. Í miðferð þetta skólaárið voru 4 nemendur sem þurftu meiri stuðning en aðrir innan hópsins og fylgdu þeir einstaklingsáætlun sem var sniðin að þeirra þörfum. Tveir þessara nemenda óskuðu eftir að fá að taka sama lokapróf og aðrir í 10. bekk, sem var sjálfsagt mál.

#### **Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2022-2023:**

<b>Ferðir</b>	<b>9. bekkur</b>	<b>10. bekkur</b>
<b>Hægferð</b>	<b>11</b>	<b>4</b>
<b>Miðferð</b>		<b>46</b>
<b>Mið/hraðferð</b>	<b>138</b>	
<b>Hraðferð</b>		<b>107</b>
<b>Flugferð</b>	<b>51</b>	
<b>Fjölbrautahópur</b>		<b>55</b>

#### **Grunnþættir menntunar og leiðbeinandi kennsluhættir**

Í Enskudeild Garðaskóla var unnið með grunnþætti menntunar á margvíslega vegu. Til að mynda lásu nemendur texta við hæfi í þeim tilgangi að dýpka lesskilning og auka orðaforða. Þá unnu nemendur fjölbreytt og skapandi verkefni í samræmi við aldur og getu. Auk þess var reynt að tengja einstaka verkefni við áhuga nemenda og voru sum verkefni einnig til þess fallin að efla gagnrýna hugsun og gefa nemendum tækifæri á að koma eigin skoðunum á framfæri á skipulegan og rökréttan hátt. Í para-og-hópverkefnum þurftu nemendur að sýna fram á færni í að bera sameiginlega ábyrgð í verkefnavinnu. Rík áhersla er lögð á leiðbeinandi kennsluhætti í vinnu enskukennara með nemendum. Nemendur í öllum árgöngum fá leiðsögn á meðan á verkefnavinnu stendur og geta þannig bætt verkefni sín samkvæmt þeirri leiðsögn sem þeir fá í gegnum vinnuferlið. Kennarar hafa aðgang að rafrænum verkefnum nemenda í Google Classroom og geta

Því leiðbeint þeim milli kennslustunda. Góð dæmi um verkefni þar sem að leiðsagnarferlið hefur skipt sérstaklega miklu máli eru þemaverkefni í 9. bekk, ritgerðasmíð í 10. bekk og ritunarverkefni í framhaldsskólahópum.

#### Dreifing einkunnna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaekunn vorið 2023

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nemenda í 10.b.
<b>A</b>	6,7%	0,7%	28,6%
<b>B+</b>	22,6%	18,1%	7,8%
<b>B</b>	45,8%	35,5%	38,0%
<b>C+</b>	12,0%	28,3%	12,1%
<b>C</b>	11,0%	14,5%	10,4%
<b>D</b>	1,9%	2,9%	3,1%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

#### Samantekt

Í heildina erum við ánægð með starf vetrarins. Við teljum að deildin standi sig vel í leiðsagnarmati, fjölbreyttum kennsluháttum og notkun upplýsingatækni í kennslu. Deildin hefur undanfarin skólaár lagt aukna áherslu á formlega ritun og skrifuðu nemendur miðferðar og hraðferðar ritgerðir þar sem að lúta þurfti meginreglum varðandi uppsetningu fimm efnisgreina ritgerða (inngangur, þrjár efnisgreinar í meginmáli og lokaorð) ásamt því að afla sér upplýsinga á ábyrgan hátt og gera grein fyrir heimildum. Í öllum skilaverkefnum fengu nemendur í öllum árgöngum gát-og matslista til að styðjast við í verkefnavinnunni en það virðist sem að það þurfi að þjálfra þá betur í að nýta sér slík hjálpartæki þannig að leiðsagnarmat fyrir einstaka verkefni skili þeim árangri sem að er stefnt. Á vorönn fóru að berast óvenju góðar ritgerðir í 10.bekk og í ljós kom að líklegt var að gervigreind kæmi þar við sögu. Gervigreind er nýtt fyrirbæri fyrir heimsbyggðina og ljóst er að ýmislegt í námi og kennslu þarf að nálgast á annan hátt en áður. Við í Enskudeildinni sjáum fjölda tækifæra til jákvæðrar notkunar á þessar nýju tækni og munum innleiða hana í verkefnavinnu næsta vetur svo nemendur læri að nota hana sér til gagns, þ.e. sem hjálpartæki en ekki leið til komast undan því að takast á við á við þau verkefni sem lögð eru fyrir.

Námsefnið í öllum árgöngum er í stöðugri þróun og mikilvægt er að nýta reynsluna til þess að endurskoða, breyta og bæta eftir þörfum. Ein helsta áskorunin sem enskukennarar standa frammi fyrir er skortur á fjölbreytilegra kennsluefni fyrir efri bekk grunnskóla. Efst á baugi fyrir næsta skólaár er að þróa frekar einstaka námslotur og verkefni í 9. og 10. bekk og stokka upp kennsluáætlanir og námsefni í 8. bekk.

Halla Thorlacius. Fagstjóri enskudeildar.

## Skýrsla fagstjóra í íslensku

Kennarar í íslensku í vetur voru: Elín Heiður Gunnarsdóttir, Erla Karlsdóttir, Gíslu Rúnar Konráðsson, Hulda Kristmannsdóttir, Karl Pálsson og Rúna Björk Þorsteinsdóttir.

### Skipulag

Engin ferðaskipting var í 8. bekk frekar en fyrri ár.

Í 9. bekk var sama fyrirkomulag og undanfarin ár, hægferð, miðferð og flugferð. Á skólaárinu voru 11 nemendur í hægferð, allir með aðlagð námsmat og stjörnumerkt próf. Yfirferð námsefnis og verkefni er hvort tveggja miðað við námslega getu nemenda. Miðferðin er fjölmennust og í henni er þorri allra nemenda í árganginum. Í flugferðinni, sem tekur bæði námsefni 9. og 10. bekkjar á einu skólaári, voru 30 nemendur að þessu sinni.

Í 10. bekk var engin hægferð frekar en síðustu skólaár. Þess í stað voru tvær ferðir, miðferð og hraðferð, auk fjölbrautahópsins. Í miðferð er farið hægar yfir námsefnið og nemendur vinna að nokkru leyti önnur verkefni en þeir sem eru í hraðferð en taka sömu próf. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur gefist vel og því heldur það sér. Fjölbrautahópurinn tók einn áfanga frá FG á haustönn en var í ýmsu framhaldsskólatengdu efni á vorönninni.

### Fjöldi nemenda í hverjum hópi/ferð skólaárið 2022 - 2023:

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	Engin	11	
Miðferð	ferðaskipting	162	33
Hraðferð	í		140
Flugferð	8. bekk	30	
Fjölbrautahópur			28

### Kennsluhættir

Kennsluhættir hafa að mestu verið svipaðir og á síðasta skólaári. Nú var enginn Covid-faraldur sem raskaði skólastarfi og námsáætlanir breyttust því ekki að ráði. Reynt er að hafa kennsluna fjölbreytta þannig að hún höfði til allra nemenda og mismunandi hópa. Að öðru leyti vísast til námsáætlana og skólanámskrár.

### Grunnþættir menntunar

Í íslenskudeildinni er ekki unnið sérstaklega með grunnþætti menntunar en þeir fléttast inn í starfið á einn eða annan hátt án þess að vera beinlínis orðaðir í kennslunni. Það á bæði við um verkefni sem tengjast



grunnþáttunum beint eða óbeint og ekki síður í umræðum í kennslustundum. Þeir þættir sem koma einna mest við sögu á þennan máta eru læsi, jafnrétti og sköpun en hinir þrír seytla líka með þó í minna mæli sé.

### Breytingar og þróunarverkefni

Á þessu skólaári voru ekki miklar breytingar, hvorki á kennslufyrirkomulagi né öðru skipulagi. Þó er alltaf einhver gerjun í gangi innan deildarinnar, námsefni breytist, verkefni og vinnulag sömuleiðis. Skipulagsbreytingar sem gerðar voru fyrir skólaárið 2019 – 2020 halda sér í grunninn og vísast til skýrslu fagstjóra frá því ári þar að lútandi. Á þessu skólaári bættist við einn tími á viku í 8. bekk sem kom sér mjög vel og þeirri viðbót fylgdu nokkrar breytingar á námsefni og kennslufyrirkomulagi ritunar. Engin eiginleg þróunarverkefni sem snúa beint að leiðsagnarmati eða leiðbeinandi kennsluháttum hafa verið í gangi. Alltaf er þó umræða innan deildarinnar um hvernig slíku verði best fyrir komið.

### Dreifing einkunnna: Hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2023

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8. b.	Fjöldi nemenda í 9. b.	Fjöldi nem. í 10. b.
<b>A</b>	0%	0,01%	8,1%
<b>B+</b>	21,5%	32%	33,3%
<b>B</b>	42,3%	35%	25,3%
<b>C+</b>	20,2%	17%	18,2%
<b>C</b>	16%	16%	10,1%
<b>D</b>	0,01	0,01	5%
<b>Aðlagað námsefni/námsmat</b>	3 nem. af 214	11 nem. af 203	3 nem. af 201
<b>Undanþága/vottorð</b>	0	0	0
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Í hlutfallstölunum hér að ofan eru allir nemendur aðrir en þeir sem eru með aðlagað námsmat.

### Mat á starfi skólaársins

Við teljum að vel hafi til tekist á skólaárinu og í heildina erum við sátt við árangurinn. Deildin leitar stöðugt leiða til að gera gott starf enn betra og þó að breytingar séu ekki alltaf miklar eða auðsæjar milli ára, á stöðug gerjun sér stað. Við höfum dregið talsvert úr vægi málfræðikennslu undanfarin ár en aukið við kennslu í bókmenntum og ritun. Mikilvægt er að allir nemendur skólans hafi áfram aðgang að Skólavefnum. Skipulag námsins gerir ráð fyrir að vefurinn sé notaður enda fjölbreytt efni þar sem nýtist vel í kennslunni. Þá munum við halda áfram að endurmeta þann bókakost sem notaður er við námið, taka inn nýtt efni en leggja annað

til hliðar, a.m.k. í bili. Betri aðgangur að Chromebook-tölvum hefur haft jákvæð áhrif í kennslunni og nýst vel. Markmið deildarinnar er enn sem áður að gera nemendur að sem bestum málnotendum. Það reynum við að gera með ýmsu móti og vísast þar sem fyrr í námsáætlanir.

Gísli Rúnar Konráðsson. Fagstjóri í íslensku.

## Skýrsla fagstjóra í íþróttum

Kennarar í skólaíþróttum í vetur voru: Emine Gashi, Gígja Hrönn Árnadóttir og Rúnar Páll Sigmundsson.

Starf íþróttadeildar hefur gengið mjög vel þetta skólaárið. Það hefur einkennst af miklum krafti og jákvæðni meðal kennara sem skilar sér til nemanda í öllum árgöngum. Starf íþróttakennara er fjölbreytt en aðalþáttur í okkar starfi er að nemendum líði vel, að þau séu virk í tímum, geti unnið saman í hóp og leyst verkefni. Lykilatriði gildin okkar eru samvinna, jákvæðni og dugnaður.

### Aðstaða

- Aðstaða til íþróttakennslu í Garðaskóla er þokkaleg. Um er að ræða tvo sali til íþróttaiðkunar, svæðið í kringum Ásgarð og Garðaskóla auk sundlaugar.
- *Íþróttahúsið Ásgarður (Stóri salur):*
- Um er að ræða ágætis sal, þó hann sé ekki kjörin til íþróttakennslu áhöld eru af skornum skammti, en þau sem fyrir eru, eru gömul og úrelt.
- Aðbúnaður og aðstaða fyrir íþróttakennara er ekki góð.
- Búnaður fyrir íþróttir eins og badminton, blak, og frjálsar íþróttir er úreltur og því mjög mikil þörf á endurnýjun.
- Hljóðvist er mjög slæm og búnaður fyrir þráðlausan hljóðnema er algjörlega nauðsynlegur fyrir kennara sem og tæki til að spila tónlist. Mikilvægt að bæta úr þessu sem allra fyrst og ekki seinna en í upphafi skólaárs haustið 2023.

### Fimleikasalur

- Frábær salur til alls kyns íþróttaiðkunar, með finum tækjum og aðbúnaði bæði fyrir nemendur og kennara.
- Aðgangur að salnum er takmarkaður þar sem aðrir skólar innan og utan bæjarfélagsins eru með aðgang að salnum.

### Sundlaug

- Fín aðstaða til sundkennslu bæði fyrir nemendur og kennara.
- Aftur á móti er gríðarlega mikið áreiti sundlaugargesta gagnvart nemendum, þetta áreiti fer aðallega fram inn í sundklefanum fyrir og eftir tímann. Við teljum að úrbóta sé þörf og ef ekki er hægt að loka

sundlauginni fyrir almenningi á meðan kennsla fer fram þá þarf að þjálfa starfsfólk sundlaugarinnar og vekja athygli þeirra á því að vernda nemendur inn í kleanum.

#### Útiþróttir

- Ásgarðssvæðið býður upp á fína aðstöðu til útiþróttar.
- Flott aðstaða í Bæjargarðinum en þar mætti bæta við körfuboltaspjöldum.
- Á svæðinu er margar skemmtilegar hlaupaleiðir en þær má merkja betur. Sniðugt væri að setja upp skilti með leiðum og lengd þeirra.
- Nokkrir battavellir eru á svæðinu. Búið er að lagfæra battavöll við skólann, setja nýja girðingar og nýtt gras sem er frábært.
- Körfuboltavöllur þarfnast lagfæringar, undirlag og körfur.

#### Styrktarsalur

- Mikilvægt er að hafa óskertan aðgang að styrktarsal fyrir nemendur 10. bekkjar.
- Bæta þarf aðstöðuna til að efla styrktarþjálfun og auka vægi fyrir nemendur sem taka þátt t.d. í Skólahreysti.

#### Skólahreysti

- Garðaskóla gekk mjög vel í skólahreysti í ár. Komst í úrslit og lenti í 3 sæti sem er besti árangur Garðaskóla í skólahreysti fyrr og síðar.
- Garðaskóli ætlar að bjóða uppá valfag næsta skólaár sem heitir skólahreysti þar sem markmiðið er að
  - Auka þol og styrk
  - Setja sér markmið
  - Fá jákvæða upplifun af íþróttaiðkun
  - Æfa sig að taka þátt í undirbúningi fyrir íþróttamót.

Íþróttakennsla í Garðaskóla byggist á fagmennsku og er farið er eftir aðalnámsskrá. Farið er yfir helstu íþróttir innan sem utandyra og leiki sem í boði eru hér á Íslandi. Nemendum er kynnt reglur og tækni íþróttanna og þau fá að spreyta sig í spili. Einnig er boðið upp á danskennslu tvisvar sinnum á ári eða einu sinni á hvorri önn. Mikilvægt er að nemendur séu virkir og viljugir að taka þátt sýni jákvæðni, virðingu og samvinnu í öllu því sem tekið er fyrir. Sundkennsla er mikilvægur þáttur íþróttakennslunnar. Mikilvægi sunds þarf ekki að telja upp hér en sund er frábær hreyfing og heilsubót fyrir nemendur Garðaskóla. Nemendur klára 10. sundstigið í 9. bekk og eru kröfurnar eftirfarandi:

- Nemendur í 8. bekk þurfa að synda 400 m undir 20 mínútum, synda 12 m kafsund og 12,5 m björgunarsund með annan nemanda.

- Nemendur í 9. bekk þurfa að synda 600 m undir 20 mínútur, synda 15 m kafsund og 25 m björgunarsund með annan nemanda. Þeir nemendur sem klára þetta, ljúka 10. sundstig.

Í hverjum sundtíma synda nemendur ólík sund allt frá 200 m upp í 600 m. Aðallega er unnið með bringusund, skriðsund og baksund en einnig er unnið með kafsund og björgunarsund.

## Skýrslur list- og verkgreinakennara

### Heimilisfræði

Kennarar í heimilisfræði í ár voru eftirfarandi: Hulda Sigurjónsdóttir og Kristján Rafn Heiðarsson.

### Kennsluefni

Notaðar eru uppskriftir frá kennurum og aðrar af netinu til verklegar kennslu í öllum árgöngum. Fyrir bóklega kennslu í 8. bekk er stuðst við bókina Næring og lífshættir og bæklinginn Ráðleggingar um mataræði sem gefinn er út af Embætti landlæknis. Einnig notum við internetið þar sem nemendur fá aðstoð við að afla sér áreiðanlegar upplýsingar um ákveðið viðfangsefni ásamt verkefnum frá embætti landlæknis um orkuefni, sykurneyslu, skráargatið og ýmislegt fleira.

### Kennslustundafjöldi

8. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

9. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

10. bekkur. Tvær kennslustundir á viku, hálfan veturinn.

### Námsmat

Í öllum árgöngum er stuðst við símat. Í 8. bekk er hver tími metinn, það er bókleg vinna annars vegar og verkleg vinna hins vegar. Einnig erum við með lokaverkefni sem er metið til einkunnar þar sem nemendur elda heima og taka myndir sem og segja frá ferlinu og skila inn á Classroom. Í 9. og 10. bekk er hver verklegur tími metinn og gefin einkunn eftir hvern tíma. Algengasta einkunnin í heimilisfræði er B og B+ en að meðaltali einn til tveir í hverjum hóp sem fær lægra eða hærra.

### Helstu kennsluáherslur fagdeildar

Nemendur voru glaðir og áhugasamir eins og þeir eru í langflestum tilvikum. Það er svo skemmtilegt í heimilisfræði að alltof oft kemur fyrir að aðrir nemendur skólans reyni að smeygja sér með í hópana. Við kennararnir erum orðin langþreytt á stöðugu ónæði frá nemendum sem eiga ekki að taka þátt í tímanum. Það er sérstaklega mikið vandamál hversu margir nemendur sem eiga að sækja kennslustund í smíði á sama tíma og kennsla er hjá okkur í heimilisfræði. Við höfum rætt þetta við stjórnendur án þess að sjá reytingar og að ástandið lagist.

Nemendur stóðu sig flestir vel og voru mjög áhugasamir. Hefur þar kannski stór áhrif góður félagsandi í kennslustundum, skemmtileg matreiðsla og að nemendur fá að borða.

Nemendum er skipt í hópa, 2-4 í hópi sem vinna saman og bera sameiginlega ábyrgð á vinnusvæðinu. Þar reynir á félagslegan þroska þeirra, sem getur verið misjafn. Nemendur vinna annað hvort með sameiginleg eða einstaklingsverkefni samkvæmt kennsluáætlun en fá að velja verklegt verkefni um það bil einu sinni í mánuði.

Í verklegum þætti eru megin áherslur heimilisfræði/matreiðslu að nemandi kynnist undirstöðuatriðum við matreiðslu og baksturs mismunandi rétta, svo sem kjöts, fisks og brauðréttu ásamt kökubakstri. Nemandi kynnist algengustu matreiðsluaðferðum ásamt matreiðsluháttum annara þjóða.

Nemandi þjálfist í að nota helstu áhöld og tæki sem tilheyra heimiliselldhúsi, læri að vinna sjálfstætt, með öðrum í sátt og samlyndi, geti forgangsraðað verkefnum, unnið skipulega og haldið vinnusvæðinu hreinu og snyrtilegu. Að nemandi taki ábyrgð á vinnusvæði sínu og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og umgengni við matvæli.

Lögð er áhersla á að nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi þess að matreiða/baka frá grunni sem gerir heimilishaldið hagkvæmara og að forðast óþarfa aukaefni í matvælum, að það þurfi ekki endilega að taka langan tíma að laga matinn sjálf.

Fjallað er um mikilvægi þess að fara vel með hráefni, ekki henda matvælum að óþörfu, passa upp á geymslupól, dagsetningar og kælingu matvæla. Að nemandur geri sér grein fyrir því að dagsetningar á matvælum eru miðaðar við best fyrir, matvaran sé ekki endilega ónýtt, eins og algengt er að fólk haldi t.d. um mjólkurvörur, sem geymast mjög vel sé passað upp á kælingu. Að henda mat að óþörfu í ruslið er sambærilegt við að henda peningum og er einnig slæmt fyrir umhverfið.

Farið er í flokkun og almenna umhverfisvitund. Nemendur flokka lífrænan úrgang, pappu, plast, ál, málma ofl. Jafnframt förum við í sápunotkun og önnur efni og mikilvægi þess að nota minna en meira. Nemendur eru flestir meðvitaðir um mikilvægi þess að flokka og huga að umhverfinu með of mikilli notkun efna eða matarsóun.

Fjallað er um óhollustu sykurs og sykurs í mætvælum, sérstaklega í tilbúnum mætvælum svo sem ýmsum drykkjum og mjólkurvörum og að mikilvægi þess að neyta fjölbreytts fæðis og vera meðvitaður um þau hráefni sem eru í matnum sem við borðum. Því sé mikilvægt að laga matinn frá grunni og forðast sem mest unnar matvörur.

Verklega námið er mikilvægur hluti skólastarfsins þar sem tækifæri gefst til að hvíla sig smá stund frá bókunum en um leið læra aðra mikilvæga hluti sem nýtast vel út lífið.

### **Verkleg vinna**

Í 9. og 10. bekk er einungis verklegt nám. Í 8. bekk er þriðjungur kennslustunda yfir önnina verklegar.

Í verklega náminu reynir mjög á hæfni, sjálfstæði, skipulag og samvinnu nemenda sem getur gengið misjafnlega, sérstaklega við þrif og frágang.

Oftast gengur samvinnan vel, sem er nauðsynlegt svo sett markmið náist á stuttum tíma.

Markmiðið í verklega náminu er að undirbúa-elda/baka-borða og ganga frá vinnusvæðinu áður en næsti hópur mætir. Stuttur tími milli hópa er stressandi fyrir kennarana sem þurfa að undirbúa verkefni fyrir næsta hóp sem oft eru með önnur verkefni.

### **Bóklegr vinna**

Bóklegr verkefnavinna er eingöngu í 8. bekk. Þar er vægi bóklegra verkefna tæpur þriðjungur af heildareinkunn. Kennslustundir eru tvær samliggjandi á viku og fer bóklegr vinna fram þrisvar sinnum á önn, tvær kennslustundir í senn.

Í bóklegr heimilisfræði er farið í næringarefni matvæla og hlutverk þeirra, sykurmagn í ýmsum mat- og drykkjarvörum, neyslu orkudrykkja og ýmislegt fleira. Mikilvægi þess að velja fæði sem er fjölbreytt og hollt.

### **Heimanám**

Nemendur vinna eitt lokaverkefni í lok annar þar sem þeir eiga að matreiða og undirbúa kvöldmáltíð fyrir fjölskyldu og/eða vini. Nemendur þurfa að segja frá ferlinu í texta og myndum. Þetta verkefni hefur nemendum þótt mjög áhugavert, lærdómsríkt og skemmtilegt.

### **Kostnaður**

Heimilisfræði/matreiðsla hefur í för með sér töluverðan kostnað og hefur matvöruverð hækkað nokkuð síðustu misserin svo um getur verið að ræða nokkurra prósentu hækkun á milli anna. Það er verðugt verkefni að passa vel upp á öll hráefniskaup til heimilisfræðinnar, fara vel með og gera nemendur meðvitaða um mikilvægi þeirra þátta.

### **Þróun**

Undanfarin ár hefur verið unnið að því innan fagsins að aðlaga verkefni með það að markmiði að draga úr hráefniskostnaði. Það hefur verið gert með því að hafa minna af kjöt og fiskréttum og meira af brauð og kökubakstri og minnka magn, sérstaklega hvað varðar dýrara hráefni í uppskriftum. Brauð og kökubakstur eru góð og verðugt verkefni en flokkast ekki beint sem hollusta ef of mikið er unnið með slíkt.

Hefur með þessu tekist að halda í við aukinn kostnað við hráefnisinnkaup. Ljóst er að það verkefni heldur áfram en það er ekki hægt endalaust að draga úr hráefniskostnaði án þess að það fari að bitna á kennslunni þar sem vöruverð hækkar stöðugt. Áætlað ráðstöfunarfé til heimilisfræðinnar hefur ekki stigið í sama takt við verðhækkningar og er þar með líklegt að kostnaður við vöruinnkaup geti farið fram úr áætlunum.

Verðugt verkefni inn í framtíðina er að auka við matreiðslu af hollara tagi, svo sem grænmetisréttu í bland við kjöt, fisk og gróf brauð.

Aukinn áhugi meðal nemenda að vera í kjöt- og/eða fisklausum lífsstíl. Það reynir á útfærslu og skipulag kennarans að finna eitthvað annað hráefni í staðin. Einnig þarf að huga vel að þeim nemendum sem eru með óþol eða ofnæmi.

## Gagn og gaman

Mikilvægir dagar sem uppbrot í skólastarfi þó að það sé ekkert uppbrot fyrir kennarann. Mjög gaman og gagnlegt þar sem nemendur fá m.a. að spreyta sig í matreiðslu á villibráð.

## Þrif

Frágangur og þrif nemenda í lok kennslustunda eru misjöfn og fer töluverður tími kennara í þrif þegar kennslu er lokið á daginn. Eins og við höfum rætt áður þá er mikilvægt að skoða nánar hvernig þrifum verður háttað á komandi vetri og fara nánar yfir starfslýsingar kennara og starfsmanna sem sjá um þrif í eldhúsinu.

## Endurnýjun og úrbætur

Óhjákvæmilegt er að endurnýja eitthvað af verkfærum og áhöldum þar sem tæki og tól hafa takmarkaðan líftíma og ganga úr sér, s.s. pottar, pönnur, rafmagnsþeytarar og smærri handverkfæri.

## Framtíðarsýn

List- og verkgreinakennarar hafa verið duglegri síðustu ár að hittast og deila skoðunum sínum og hugmyndum á kennsluháttum og námsmati. Því miður höfum við ekki náð að hittast mikið sl. tvö ár og mjög líklega afleiðingar Covids að hafa áhrif á það. Það er mjög mikilvægt að auka samstarf á milli kennslufaga, t.d. milli verkgreina.

Auka þarf markvisst vitund nemenda um hvað þeir setja ofan í sig (borða), t.d. hvað varðar sykur í algengum matvælum, næringarinnihald og neysla/áhrif orkudrykkja, geymsluþol og að öll fita sé t.d. ekki lífshættuleg og í mörgum tilvikum lífsnauðsynleg. Einnig er mikilvægt að leggja enn meiri áherslu á nýtingu og sóun matvæla, flokkun og almenna umhverfisvitund.

Hulda Sigurjónsdóttir og Kristján Rafn Heiðarsson

## Myndlist og tónlist

Kennarar í myndlist í ár voru þær Herborg Eðvaldsdóttir og Sædís Harpa Stefánsdóttir og sá sú síðarnefnda einnig um kennslu í tónlist.

Allir nemendur 8. bekkjar í Garðaskóla fara í myndmennt og tónmennt hálf tónmennt skólaárið. Bekkjunum er skipti í tvennt og eru annað hvort fyrir eða eftir áramót í þessum greinum. Innan deildarinnar eru svo valáfangar sem standa nemendum í 9. og 10. bekk til boða. Í vetur var það myndlistarval, myndasögugerð, rafmögnum tónlist sem og leir og hönnun. Myndlist og tónlist kemur inn á alla grunnþætti menntunar sem eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Innan deildarinnar er unnið með leiðbeinandi og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Nemendur fá frelsi innan hvers verkefnis til að koma með sína nálgun og virkja eigin sköpunarkraft og gleði.

Deildin er í elsta hluta skólans og eru báðar kennslustofurnar löngu komnar á tíma, húsgögnin eru gömul og mörg hver eitthvað sem endaði hér eftir lagfæringu á öðum stofu. Það er erfitt að koma skipulagi á stofurnar sökum lélegs aðbúnaðar, hillna og geymslurýmis. Loftgæði í tónmenntar- og myndlistarstofu teljum við alls

ekki góð, það er oft þungt loft inni í stofunum og finna kennarar fyrir þreyttu og óþægindum vegna þess. Í tónmenntastofunni eru engir gluggar sem hægt er að opna og því er erfitt að stjórna hitastiginu og loftgæðum þar inni. Í lok vetrar kom í ljós að raka- og mygluskemmdir voru í stofunni og í sumar á að vinna lagfæringar á henni. Auk þess er tónmenntastofan ekki hljóðeinangruð og er hljóðvistin þar inni mjög léleg og hentar illa til kennslu og veldur hávaða og truflun í nærliggjandi kennslustofum á efri og neðri hæð.

Herborg Eðvaldsdóttir og Sædís Harpa Stefánsdóttir

## Smíði

Kennari í smíði í ár var Haraldur Jónasson.

Allir nemendur 8. bekkjar Garðaskóla fara í smíði hálf tónn, helmingur hvers bekkjar á haustönn og hinn helmingurinn á vorönn. Nemendum 9. og 10. bekkja stendur einnig til boða að velja smíði. Hugmyndir nemenda ráða ferðinni í valinu. Smíðanám kemur inn á alla grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, mannréttindi jafnrétti og sköpun.

Töluverður óstöðugleiki var í smíðakennslu í vetur vegna veikinda kennara og erfiðleika við að fá afleysingakennara. Nú hefur hins vegar verið gengið frá ráðningu við nýjan smíðakennara fyrir næsta vetur.

Haraldur Jónasson

## Textíl og fatahönnun

Kennarar í textíl og fatahönnun í ár voru eftirfarandi: Eyrún Birna Jónsdóttir og Guðrún Björk Einarsdóttir.

Allir nemendur í 8. bekk fara í tvo textíltíma á viku í hálfan vetur. Lögð er áhersla á að gera nemendur sem mest sjálfbjarga á saumavélar ásamt því að ýta undir sköpunargleði og hugmyndarflug hvers og eins. Þeir læra textílaðferðir og taka frumkvæði að verkefnavali þar sem aðferðirnar koma fram í verkefnunum. Áhersla var lögð á að nemendur fræddust og áttuðu sig á eiginleikum efnanna og framleiðsluferli þeirra t.d. hversu mikil umhverfisáhrif eru af textílframleiðslu. Öll verkefni skrá nemendur á leiðsagnar- og sjálfsmatsblað og þar koma fram þau hæfniviðmið sem unnið er með. Með því móti ber hver og einn ábyrgð á sinni vinnu og skráningu verkefna. Farið er yfir stöðuna nokkrum sinnum yfir önnina og lagt á ráðin með framhaldið. Unnið er með hæfniviðmið Aðalnámsskrár annað hvort í 8. bekk eða í valáföngum. Í textílmennt er mesta áhersla á grunnþættina sjálfbærni og sköpun samkvæmt Aðalnámsskrá grunnskóla. Það er mikilvægt að sýna og segja nemendum frá þeirri þróun sem er að eiga sér stað í textíliðnaðnum og hvetja þá til að gera eitthvað í sínum neysluvenjum umhverfinu til heilla.

Í valáföngum í 9. og 10. bekk fengu nemendur tækifæri til að sauma sér flíkur. Þeir lærðu grunnhugtök og merkingar og hvernig skuli taka upp sníð úr sníðablöðum. Auk þess unnu þau að minnsta kosti eitt endurvinnsluverkefni, þar sem textíll var endurnýttur á skapandi hátt. Slík endurvinnsluverkefni eru góð leið til að kenna og sýna nemendum hvernig gamlar flíkur geta öðlast nýtt líf með smá útsjónarsemi, hugmyndarflugi og saumakunnáttu.



Bent hefur verið á það í ársskýrslum síðustu ára að stofan þarfnast viðhalds og í lok vetrar kom í ljós að þar mátti finna raka- og mygluskemmdir og stefnt er á lagfæringar í sumar.

Eyrún Birna Jónsdóttir og Guðrún Björk Einarsdóttir

## Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði

Kennarar í samfélagsfræði á ár voru eftirfarandi: Margrét Betty Jónsdóttir, Þorfinnur Hannesson og Svala Jónsdóttir sem leysti Halldóru Lind Guðlaugsdóttur af í fæðingarorlofi.

Árið var með svipuðu sniði og í fyrra þó með þeirri breytingu að fleiri verklegar æfingar voru gerðar. Matskvarðar voru endurnýjaðir í 8. og 9. bekk þar sem aðaláherslan var lögð á að nemendur gætu séð með skýrum hætti hvað þyrfti til að ná markmiðum aðalnámskrár, að geta skilið og beitt hugtökum náttúrufræðinnar (að fá B) og þyrftu sjálfir að koma með hugmyndir og sýna hvernig þeir greina, meta og geta notað upplýsingar verkefnisins til að búa til nýja merkingu og fá þar með framúrskarandi einkunn(einkunnina A). Er þetta allt samkvæmt forskrift Blooms að stigvaxandi hæfni. Hugstormun um hvaða þróunarverkefni myndu hæfa deildinni fór fram og komu margar góðar hugmyndir. Ekki þótti rétt að sækja um þær allar í einu svo sótt var um tvær og fékkst þróunarstyrkur fyrir þeim báðum. Annað verkefnið fór strax af stað en það var Orðabanki fyrir nemendur með málþroskaröskun upp úr einni bók líffræðinnar. Náðist samband við talmeinafræðing sem gaf ráð og byrjað var að lesa yfir bókina með þeim augum að finna orð. Hitt verkefnið bíður þess að Bambahús verði sett niður á lóðinni en þróunarverkefnið var að koma því húsi í gagnið þannig að það nýtist til kennslu í náttúrufræði og til þess að búa til grænmeti sem hægt er að nýta í heimilisfræði.

Mygla hafði svo áhrif á lok skólaársins þar sem einni stofu og vinnuherbergi náttúrufræðikennara var lokað og einn kennari fór í veikindaleyfi.

Ástand stofa er misjafnt og erfitt að meta sérstaklega vegna þess hvað verður eftir viðgerðir vegna myglu en fara þarf yfir blöndunartæki í þeim öllum.

Dreifing einkunna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaeinkunn vorið 2023

Einkunn	Fjöldi nemenda í 8.b	Fjöldi nemenda í 9.b	Fjöldi nemenda í 10.b
A	3	17	32
B+	50	73	69
B	82	65	36

C+	55	23	17
C	20	11	7
D	2	2	5
Aðlagað námsefni námsmat	2	6	2
Ekki hægt að meta		2	
Samtals	214	199	168

## Skýrsla fagstjóra í samfélagsfræði

Kennarar í samfélagsfræði í ár voru eftirfarandi: Andri Rafn Ottesen, Berglind Rósa Birgisdóttir og Rósanna Andrésdóttir.

### Skipulag

Í samfélagsgreinum leggjum við áherslu á að vinna í anda hæfniviðmiða Aðalnámskrár grunnskóla 2011-2013, eins og kemur fram í skólanámskrá og kennsluáætlunum deildarinnar í 8., 9. og 10. bekk. Meginhugtökin sem unnið var eftir í vetur voru jafnrétti, menning, mannréttindi, lýðræði, gagnrýnin og skapandi hugsun og fjármálalæsi. Til þess að vinna eftir þessum megin þáttum eru það einkum eftirfarandi greinar innan samfélagsgreina sem unnið er með – landafræði, lífsleikni, jarðfræði, þjóðfélagsfræði og saga 19. og 20. aldar, auk þess sem við kynnum nemendum fyrir fögum á borð við hagfræði, viðskiptafræði, stjórnmálafræði, mannfræði, lögfræði og sagnfræði. Samvinna hefur verið milli deildarinnar og upplýsingatækni þar sem nemendur hafa nýtt þau forrit og þá kennslu sem þau hafa fengið í upplýsingatækni til að vinna að sínum verkefnum.

Ekki er ferðaskipting í samfélagsgreinum en þó eru örfáir einstaklingar sem voru með aðlagð námsefni í vetur. Þeir sitja þó sömu tíma og aðrir og eru jafn virkir þátttakendur í öllum verkefnum og umræðum og aðrir. Það hefur sýnt sig að bestu umræðurnar sem skapast í tímum eru í blönduðum hópum þar sem nemendur með mismunandi styrkleika og bakgrunn mæta saman og eiga oft á tíðum mjög fjölbreyttar og fjörugar umræður, þar sem allir geta lært af öllum.

Námsefni samfélagsgreina er viðamikil og ólíkt eftir árgöngum og nálgumst við hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2011-2013 einnig með fjölbreyttum hætti. Undanfarin ár hefur verið unnið í litlum skrefum í þá átt að ná ákveðinni áherslubreytingu í námsefni. Við erum ánægð með þær breytingar sem hafa verið gerðar síðustu tvö ár og stefnum að því að halda áfram að vera í stöðugri sjálfsskoðun og athugunum.

Sennilega stærsta breytingin sem átti sér stað í samfélagsgreinadeildinni í ár var sú að lokapróf í 9. og 10. bekk voru lögð niður og tekin upp lokaverkefni í staðinn. Vægi prófa hefur verið lítið í deildinni undanfarin ár, þar sem einungis voru lokapróf í 9. og 10. bekk og engin próf á miðjum vetri. Deildin tók ákvörðun í lok seinasta skólaárs að gefa lokaprófunum frí og leggja fyrir einhverskonar lokaverkefni í staðinn. Það má svo sannarlega segja að það hafi tekist vel og hefur deildin ákveðið að þetta sé það sem koma skal. Í 9. bekk unnu nemendur stórt verkefni um hernám Íslands og fengu þannig tækifæri til að setja sig í spor Íslendinga í seinni heimsstyrjöldinni. Þetta verkefni varð talsvert stærra en önnur verkefni og því hálfgerð lokaverkefni fyrir þann árgang. 10. bekkur fór í hreint lokaverkefni þar sem þau höfðu frjálsar hendur um val á viðfangsefni og lokaafurð. Lokaverkefnið fékk heitið „sagan sem aldrei var kennd“ og endaði með kynningu fyrir samnemendum. Einnig var boðið upp á foreldrasýningu sem var vel mætt á. Í sjálfsmati sem nemendur í 10. bekk svöruðu kom fram mikil ánægja með lokaverkefnið og mjög skýr niðurstaða um að nemendur hefðu valið þennan kost fram yfir að fara í lokapróf.

Þetta er liður í því að bjóða uppá próflausa áfanga þar sem nemendur upplifa fjölbreytt og skemmtilegt úrval verkefna, þar sem samræður, skapandi úrlausnir og gagnrýnin hugsun fær að vera þeirra helsta verkfæri. Verkefnavinna er mikil sem og að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum og að vinna í hóp. Deildin hefur einnig verið að vinna í að efla ritun og á þessu ári var lögð enn meiri áhersla á heimildaskráningu. Á næsta skólaári munu samfélagsgreinar, íslenska og enska vera samstíga í notkun APA-heimildakerfisins. Sjálfs- og jafningjamat er stór hluti af námi og námsmati allra þriggja árganga í deildarinnar. Þátttaka í umræðum og tjáning heldur einnig áfram að vera þungamiðjan í áherslum og námi okkar.

Nemendur í 10. bekk fá 155 mínútur á viku í samfélagsfræði og nemendur í 8. og 9. bekk fá 110 mínútur. Lífsleikni er fléttuð inn í kennsluna og alltaf gefst svigrúm til að bregða sér úr námsáætlun og ýmist bregða á leika eða ræða það sem er á döfinni. Þannig höfum við gott tækifæri til að ræða og útskýra fréttir líðandi stundar þegar það á við. Þannig ræðum við atriði eins og kosningar erlendis jafnt sem hér heima, ástandið í Evrópu og stríðið í Úkraínu sem skapaði miklar umræður og tengingar við námsefnið í ár.

Í 10. bekk er skólaárinu lotuskípt í átta lotur, en þær eru eftirfarandi: félagsfræði, stjórn málafræði og lögfræði þar sem stuðst er við námsefnið Á ferð um samfélagið sem og hagfræði þar sem við notum Fyrstu skref í fjármálum (sem Fjármálavit gefur nemendum) fyrir áramót. Í stjórn málafræði lotunni er haldið nemendaping sem kennarar í samfélagsgreinadeild hafa þróað síðustu ár og gengið mjög vel. Sagnfræðin tekur svo við eftir áramót þar sem er farið í gegnum síðari hluta 20. aldar í þremur lotum en þær eru kalda stríðið, íslenska velferðarríkið og Evrópu nútímans (samvinna og sundrung) og þar er það Frelsi og velferð sem er námsbókin. Fjórða lotan á vorönn er svo lokaverkefnið. Þrjár lotur telja meira til lokaeinkunnar en það eru: Stjórn málafræði (samvinna og tjáning), Kalda stríðið (ritun) og lokaverkefnið.

Í 9. bekk skiptist skólaárið í tvennt, jarðfræðin á haustönn og stríðssagan frá nóvember til skólaslita. Í jarðfræði notum við kennslubókina Um víða veröld – Jörðin þar sem er lögð áhersla á kortalæsi, veðurfar, auðlindir og skipulagsfræði. Námsmatið í þessum lotum er fjölbreytt en byggir allt á því að gera efnið lifandi og skemmtilegt. Nemendur skiluðu meðal annars myndbandi með veðurfréttum þar sem flestir studdust við

grænskjá og verkefnið Borgin okkar gekk út á að hanna og teikna borg frá grunni þar sem þurfti að taka tillit til allra innviða sem samfélags þarf til að íbúar geti búið og lifað. Stuttu fyrir áramót fórum við í sagnfræði þar sem nemendur notuðust við kennslubókina Styrjaldir og kreppa, Lýðræði og tækni og Blessað stríðið. Þar er farið yfir söguna allt frá iðnbyltingu og Titanic til endaloka seinni heimsstyrjaldar. Námsmat nemenda í þeim hluta snerist einna helst um að setja sig í spor einstaklinga sem upplifðu söguna meðal annars með bréfaskrifum. Þar settu nemendur sig í spor einstaklinga sem börðust í skotgröfum fyrri heimsstyrjaldar sem og einstaklingum sem bjuggu í hernumdum löndum nasista. Nemendur horfðu einnig á bíómyndina „*The Pianist*“ til að dýpka skilning sinn á Helförinni. Í stað lokaprófs kynntust nemendur hernámi Íslands betur.

Í 8. bekk leggur deildin áherslu á landafræði í víðum skilningi, allt frá náttúrulandafræði yfir í mannvistarlandafræði, kortalæsi, mannréttindi, menningu og fleira. Nemendur kynnst Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Barnasáttmálanum. Ferðalagið hefst á Íslandi og síðan er ferðast um heiminn með viðkomu í öllum heimsálfum þar til ferðalaginu kringum hnöttinn lýkur. Í þessu ferðalagi eiga nemendur að kynnst ólíkum lifnaðarháttum og ólíkum menningarheimum sem getur gefið þeim hugmynd um hvað við erum öll lík en samt svo ólík. Í verkefnavinnu og námsmati er mikil áhersla lögð á framsögu og kynningar. Nemendur hafa oft val um ólíkar leiðir að lokaafurð til að bjóða öllum upp á þá leið sem hentar þeim best, t.d. geta nemendur valið um að gera bækling eða vefsíðu í Norður og Suður Ameríku. Ein megináherslan í 8. bekk er samvinna þar sem þau vinna í því að nýta styrkleika hvers og eins og svo ábyrgð á eigin námi.

### **Leiðbeinandi kennsluhættir**

Leiðbeinandi kennsluhættir eru alltaf viðamiklir í deildinni og með tilkomu lokaverkefna, sérstaklega í 10. bekk, hefur leiðsögn eflst til muna. Með sjálfs- og jafningjamati komast raddir nemenda á framfæri og bjóða mjög oft upp á samtal um nám og vinnubrögð. Sú leið hefur sýnt sig að við fáum betur ígrunduð verkefni frá nemendum í kjölfar þess. Kennarar deildarinnar leggja áherslu á að allir nemendur fái bæði einkunn í bókstaf og umsögn um hvað sé vel gert og hvað megi betur fara. Nemendur nota þessa umsögn til að halda áfram að bæta sig og þannig sjáum við stíganda í námi. Þessi samvinna nemenda og kennara skilar sér í betra námi og námsumhverfi fyrir alla.

### **Aðstaða til kennslu**

Eftir Covid-19 skólahald reiknuðum við með að allt væri á leiðinni til baka í kunnuglegt horf. Þegar skólaárið hófst kom í ljós að nemendur í Garðaskóla voru orðnir það margir að ekki var hægt að koma öllum fyrir í húsnæði Garðaskóla. Samfélagsgreinar voru því kenndar í norður-álmú Flataskóla frá ágúst til janúar og síðan þar sem mátti finna laust pláss í Garðaskóla frá febrúar til skólaloka. Þetta þýddi að nemendur urðu að labba milli skólabygginga í öllum veðrum og var ákveðið að öll námsgögn í samfélagsgreinum yrðu geymd í Flataskóla til að létta undir nemendum. Þrátt fyrir snúnar aðstæður tókst þetta skólaár einstaklega vel og má þar helst hrósa nemendum fyrir jákvætt hugarfar og aðlögunarhæfni. Það eru nemendur sem létu þetta ganga eins vel og raun bar vitni.

## Tækjakostur og notkun

Undanfarin skólaár hefur samfélagsfræðideildin fengið fleiri Chrome tölvur sem hafa verið vel nýttar. Við skiptum þeim jafnt milli þeirra þriggja kennara sem kenna í deildinni. Þessi aukning hefur leitt að sér mjög jákvæða þróun ár frá ári og gert okkur kleift að þróa verkefni áfram. Flest verkefni, hvort sem um ræðir tímaeða skilaverkefni, sem nemendur vinna eru rafræn sem dregur úr öllum pappír og útprentunum, ásamt því að einfalda allt utanumhald í námi nemenda. Að hafa bekkjarsett í hverri stofu hefur verið stærsta byltingin í námi samfélagsgreina og aukið þægindin í kennslustofunni mikið. Síðustu tvö skólaár hefur Rósanna prófað sig áfram í notkun rafrænna vinnubóka og í ár fóru allir kennarar í deildinni að láta reyna á það. Sú ákvörðun hefur verið tekin að notast eingöngu við rafrænar vinnubækur í samfélagsgreinum skólaárið 2023-2024 og verða því nánast pappírslaus deild. Þessi ákvörðun hefði aldrei verið hægt að taka eða sjá fyrir nema vegna þess að tölvukostur deildarinnar hefur aukist síðust ár. Hins vegar getum við ekki tryggt að hver nemandi fái tölvu þar sem hópastærðir eru mismunandi. Í 30 manna samfélagsfræðihóp þyrfti kennari stöðugt að vera á hlaupum eftir viðbótartölvum. Þess vegna stefnum við á 3x30 Chrome tölvur í samfélagsgreinadeild, svo hægt að sé tryggja tölvu á hvern nemanda, þá væri hægt að leggja snjallsímann endanlega til hliðar og öll verkefni og vinnubækur á einum stað.

Andri Rafn Ottesen. Fagstjóri samfélagsgreinadeildar.

## Skýrsla fagstjóra í stærðfræði

Kennarar í samfélagsfræði í ár voru eftirfarandi: Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir, Elena Einisdóttir, Elías Bragi Sólmundarson, Hulda Björk Guðmundsdóttir, Katrín Halldórsdóttir, Kristinn Sigurbergsson, Ragnheiður Stephensen og Svandís Ríkhardsdóttir.

Það eru fjórar ferðir í öllum árgöngum, hægferð þar sem nemendur fara hægar yfir efnið, fara því ekki yfir allt efnið og taka því sérpróf. Miðferð og hraðferð er hefðbundinn hraði þar sem nemendur klára grunnskólaefnið í lok 10. bekkjar en aftur á móti eru færri nemendur í miðferðarhópum þar sem þar eru nemendur sem þurfa meiri aðstoð við námið. Að lokum er það flugferð þar sem nemendur klára grunnskólaefnið í lok 9. bekkjar og fara í fjölbrautaráfangi í 10. bekk.

Í 8. bekk voru tveir hægferðarhópar, tveir miðferðarhópar, fjórir hraðferðarhópar og tveir flugferðarhópar. Í 9. bekk eru voru hægferðarhópar, þrjár miðferðarhópar, þrjár hraðferðarhópar og tveir flugferðarhópar. Í 10. bekk voru tvær hægferðir, þrjár miðferðir, þrjár hraðferðir og tvær flugferðir.

**Fjöldi nemenda í hverri ferð skólaárið 2022-2023:**

Ferðir	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Hægferð	29	24	27

<b>Miðferð</b>	<b>29</b>	<b>49</b>	<b>41</b>
<b>Hraðferð</b>	<b>92</b>	<b>70</b>	<b>73</b>
<b>Flugferð</b>	<b>62</b>	<b>62</b>	
<b>Fjölbrautahópur</b>			<b>60</b>

Í vetur, eins og síðustu fimm vetur, var lögð mikil áhersla á leiðbeinandi kennsluhætti, að nemendur viti til hvers er ætlast að þeim, þeir fái leiðsögn frá kennara og fái tækifæri til að bæta sig. Þetta gekk mjög vel og vinnan fólst í því að vera með stöðukannanir á eins til tveggja vikna fresti ásamt reglubókarverkefnum í lok hverrar lotu í öllum árgöngum. Í þessum verkefnum sjá nemendur algjörlega hvar þeir standa og hvar þeir þurfa að bæta sig. Eins og síðastliðin ár héldum við áfram með að láta nemendur fá yfirlit í lok hverrar lotu sem sýnir hvernig gekk að ná hæfniviðmiðum lotunnar og gátu nemendur þá nýtt sér það ef tekið var endurtökupróf eða fyrir haust- og vorpróf.

Grunnþættir menntunar fléttast inn í stærðfræðikennsluna, læsi á þar stærsta plássið þar sem alltaf er verið að vinna með stærðfræðilæsi samhliða náminu. Sköpunin hefur síðastliðin ár verið fastur liður í 10. bekk en sökum covid þurftum við að sleppa því verkefni í ár þar sem nemendur hanna sinn eigin skúlptúr og búa hann síðan til. Við erum sem sagt enn að rétta okkur af vegna covid og þurftum að kenna á Excel núna í staðinn. Jafnrétti er höfð að leiðarljósi ásamt heilbrigði og velferð nemenda.

Ekkert þróunarverkefni var í deildinni í vetur, en við prófuðum nýtt námsefni í 9. bekk, Skala 2A og hentaði það því miður ekki nógu vel og skiptum við því aftur í í gömlu Almenn stærðfræðibækurnar sem eru því miður ófáanlegar. Við erum orðin nokkuð sátt með okkar áætlanir og verkefni þar sem mikil áhersla er lögð leiðbeinandi kennsluhætti. Næsta vetur munum við vinna þróunarverkefni þar sem við búum til námsefni í prósentum.

Skólaárið gekk vel og stefnum við á að kenna áfram Almenn stærðfræði bækurnar ásamt ítarefni úr öðrum bókum og heftum.

## Dreifing einkunna: hlutfall nemenda í hverjum árgangi með tiltekna lokaekinn vorið 2020

Einkunn	Hlutfall í 8. b.	Hlutfall í 8.b flugferð	Hlutfall í 9. b.	Hlutfall í 9.b flugferð	Hlutfall í 10. b.
A	8,00%	16,13%	3,50%	43,55%	30,35%
B+	10,67%	51,61%	16,78%	35,48%	20,90%
B	16,00%	24,19%	18,18%	17,74%	11,94%
C+	19,33%	4,84%	18,18%	1,61%	5,47%
C	20,00%	3,23%	14,69%	0,00%	9,95%
D	14,00%	0,00%	13,99%	1,61%	19,40%
Aðlagað námsefni/námsmat	12,00%		13,99%		1,99%
Undanþága/vottorð	0,00%		0,70%		0,00%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

Skólaárið gekk nokkuð vel og við ætlum að halda áfram á sömu braut þar sem leiðbeinandi kennsluhættur eiga hug okkar allan og nemendur því meðvitaðir um af hverju er ætlast af þeim.

Það er ýmislegt sem þarf að bæta t.d. að laga vinnuherbergi og kennslustofur sem greindist mygla nú í vor, ennþá eins og síðast eru húsgögn lúgin í stofum 303 og 304 og þarfnast lagfærngar þ.e. áklæði farið að rifna, ískrar í stólum og sum borð brotin.

Garðabær, júní 2023

Elena Einisdóttir, fagstjóri í stærðfræði

## Skýrsla skólasafns Garðaskóla

Nýr forstöðumaður tók við skólasafni Garðaskóla í ágúst. Forstöðumaður safnsins er Anna Ingibergsdóttir kennari og starfar Svanhildur E. Guðmundsdóttir sem bókaþjófur. Kristín Þórunn Guðmundsdóttir kennsluráðgjafi hefur einnig starfsaðstöðu í Ásnum. Hún kom til starfa um miðjan apríl úr fæðingarorlofi en þangað til sá forstöðumaður safnsins um ýmis verkefni hennar s.s. Google mál, hljóðpróf og viðhald á PC og Chrome tölvum.

Opnunartími safnsins var sem hér segir:

Mánudaga	8:10-15:30
Þriðjudaga	8:10-14:30

Miðvikudaga	8:10-15:30
Fimmtudaga	8:10-15:30
Föstudaga	8:10-14:30

## Starfsemi safnsins

Skólasafninu er ætlað að vera vettvangur náms og fræðslu. Þangað eiga nemendur og starfsmenn að geta leitað til upplýsingaöflunar og úrvinnslu margs konar verkefna. Þar eru tiltækar margs konar bækur, skáldsögur og fræðibækur sem hvetja og örva nemendur til yndis- lestrar. Nemendur nýta safnið mikið. Sumir til náms og aðrir sem samastað en nokkuð vantar upp á að nemendur taki tillit til þeirra sem sækjast eftir næði til lestrar og náms.

Útbúið var fréttabréf Upplýsingavers í Smore.com sem sent var út í byrjun hvers mánaðar bæði á nemendur, forráðamenn og starfsmenn skólans. Almenn ánægja var með fréttabréfið. Í fréttabréfinu kom fram allt sem fram fór á skólasafninu, nýjar bækur, viðburðir ofl. Á þessari slóð er hægt að sjá slóðir í öll fréttabréfin.

<https://www.smore.com/e8q21>

Í byrjun febrúar var ákveðið að leyfa nemendum að vera í símanum sínum á safninu þó með ákveðnum reglum. Símanotkun nemenda gekk vel og verður því leyfð áfram.

Nemendur gátu fengið lánaðar Chrome fartölvur til að vinna verkefni og ipada ef þeir þurftu að taka upp myndbönd. Chrome fartölvur voru mjög mikið teknar að láni en nemendur voru líka duglegir að nota eigin síma til upptöku á myndböndum og voru því mjög lítið að fá ipada að láni.

Nýtt bókasafnskerfi kom út frá Landskerfi um sumarið 2022 og tafði það aðeins upphaf skráninga á bókum á safninu. Strax var þó hægt að skrá bækur inn og út sem var mjög gott. Það þurfti að senda Landskerfi Excel skjal með nöfnum allra nemenda og starfsfólks og síðan þurftum við að bíða í rúma viku þangað til að sú skrá var sett inn í kerfið. Þegar hún var síðan komin inn var loks hægt að setja strikamerki og nöfn nemenda í 8. bekk inn í möppur og einnig nýrra nemenda í 9. og 10. bekk auk nýrra starfsmanna. Ákveðið var að leyfa nemendum að taka mynd af sínu strikamerki þannig að þegar þeir kæmu á safnið til að taka bók þá sýna þeir sitt strikamerki í gamsanum sínum sem við skönnum og síðan skönnum við bókina sem þeir taka. Þetta flýttir fyrir afgreiðslu, sérstaklega ef heill bekkur kemur í einu.

Upp úr áramótum fór að bera á miklum skákáhuga nemenda á safninu. Þetta voru aðallega strákar í 9. og 10. bekk. Ákveðið var því að bjóða uppá skákmót Garðaskóla og fór það fram 13. apríl á skólasafninu frá kl. 14-16. Alls tóku 37 nemendur þátt í mótinu. Mótið var hraðskákmót í 7 umferðum. Páll Sigurðsson frá Taflfélagi Garðabæjar tók að sér að sjá um mótið og er honum þakkað kærlega fyrir. Vinningshafi mótsins var nemandi í 8. bekk. Hann fékk viðurkenningarskjal og bikar þar sem nafn hans var grafið á og verður bikarinn geymdur á skólasafninu. Ákveðið hefur verið að skákmótið verði árlegt. Ásta Huld Henrysdóttir aðstoðarskólalastjóri afhenti vinningshafa verðlaunin að móti loknu. Um mánuð fyrir skákmótið keyptum við margar skákbækur, bæði kennslubækur í skák og íslenskar bækur sem hafa verið skrifaðar um skák í gegnum tíðina. Myndir frá



skákmótinu voru svo hengdar upp á safninu fyrir ofan tölvurnar. Þeim var breytt í vatnslitaáferð og vöktu lukku á meðal nemenda sem tóku þátt í mótinu.

Pöntuð voru nokkur púsl frá <https://letsticktogether.com> sem voru mjög vinsæl. Þá var ýmsu breytt á safninu s.s. keyptir leslampar á boðin við gluggana og hillu var bætt við nýjar bækur. Ný hilla sett upp fyrir tímarit. Fleiri borð í boði fyrir þá sem vildu tefla og ávallt gátu nemendur fengið skáksett til að spila fyrir utan safnið. Það fannst fullur kassi af endurskinsmerkjum og buðum við þau gefins á safninu. Nemendur voru duglegar að fá sér merki.

Bókasafnsdagurinn 2022 var haldinn hátíðlegur 8. september. Upplýsingaverið var skreytt með blöðrum og í boði var getraun (spurningar úr bókum) sem varpað var uppá tjald. Dregið var síðan úr réttum svörum mánudaginn 12. september og voru 2 nemendur í 10. bekk og einn í 8. bekk dregnir út og hlutu gjafabréf í Ísbúð Garðabæjar í vinning. Alls tóku 223 nemendur þátt eða um 1/3 nemenda.

Á skólasafninu fóru fram kvöldkynningar fyrir foreldra í 8. bekk, 3 mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá 26. september til 12. október.

Kynning fyrir nemendur í 8. bekk fór fram á skólasafninu 1. 8. 15 og 22. september frá klukkan 10:30-11:30 2-3 bekkir hvern dag. Farið var í atriði s.s. opnunartíma, reglur, heiti rýma og fengu nemendur að skoða Þristinn og Fjarkann.

Föstudaginn 9. september fékk bóksafn Garðaskóla eigin vefsíðu hjá Landskerfum. Slóðin er <https://gardaskoli.leitir.is> Nú er því hægt að sjá hvort að ákveðin bók sé til hjá okkur og hvort að hún sé í útláni eða í hillu. Flott framtak fyrir skóla landsins.

Mánudaginn 19. september var jarðaför Elísabetar drottningar í beinu streymi uppá tjaldi á safninu og einnig var minningarborð með mynd af drottningunni og gestabók þar sem nemendur og starfmenn gátu kvittað í bókina. Þá voru bókamerki með mynd af drottningunni í boði líka. Alls kvittuðu 170 manns í gestabókina og er ætlunin að geyma hana í bókageymslunni hjá Árbókum skólans.

Á læsisdeginum 19. desember kom Þorgrímur Þráinsson og hélt fyrirlestur um það sem skiptir máli í lífinu. Þorgrímur fer í flest alla skóla landsins með fyrirlestur sinn. Nemendur voru mjög stilltir og þrúðir :)

#### *Safnkostur*

Fjöldi nýrra bóka á skólaárinu voru 369 eintök. Leitast er við að kaupa flestar nýútgefnar bækur sem henta nemendum skólans. Bætt hefur verið inni seríur og bækur sem hefur þurft að endurnýja. Við fáum einnig ábendingar frá nemendum um bækur sem þau vilja lesa og vantar á safnið og reynt er að verða við þeim óskum. Í vetur keyptum við bæði pólskar og spænskar bækur á Amazon fyrir pólsku og spænskumælandi nemendur skólans.

#### *Útlán*

	<b>Útlán veturinn 2021-22</b>	<b>Útlán veturinn 2022-23</b>
--	-------------------------------	-------------------------------

Fjöldi bóka	4419	3765
-------------	------	------

Ekki var hægt að fá upplýsingar úr nýja bókasafnskerfinu (Ölmu) hvaða bækur voru vinsælastar í vetur en sá möguleiki ætti að vera tilbúinn hjá Landskerfi bókasafna í haust.

Vanskil á vordögum voru þó nokkur. Við skólaslit voru útistandandi 184 bækur hjá nemendum.

#### *Bækur í óskilum*

Í september var farið yfir lista yfir nemendur sem útskrifuðust sl. vor og athugað hvort að þeir voru enn með bækur heima. Alls fundust 46 nemendur með samtals 76 bækur og var foreldrum sendur póstur og þeir beðnir um að skila bókunum til okkar eða til Bókasafns Garðabæjar.

Í maí var ákveðið að vera með Toppís – skilakeppni á milli bekkja. Sá bekkur/bekkir sem skulda fæstar bækur fá Kjörís – toppís í lok mánaðarins. Tókum eftir því að margir bekkir höfðu áhuga á að vinna og voru mjög duglegir að skila bókum.

#### *Hrekkjavaka*

Hrekkjavakan fór fram í Upplýsingaverinu mánudaginn 31. október. Skólasafnið var skreytt í tilefni dagsins og bækur tengdar hrekkjavökunni voru til sýnis. Starfsmenn voru í búning í tilefni dagsins.

#### *Tölvur og tæki*

Í Ásnum eru 3 borðtölvur fyrir nemendur. 10 Chrome fartölvur og 30 spjaldtölvur til skammtíma útláns. Í Þristinum er einn þrívíddarprentari og einn vínlskeri. Þar eru einnig 6 borðtölvur. Þar er einnig að finna green-screen vegg. Skólinn fjárfesti í vetur í hitapressu sem verður staðsett í textílstofunni en var færð í geymsluna þar sem þrívíddarprentarinn er vegna myglu í textílstofunni.

#### *Hönnunarklúbburinn*

Haustið 2022 var boðið uppá Hönnunarklúbb þar sem nemendur gátu lært á forritið Inkscape og nýtt sér vínlskera skólans og þrívíddarprentarann. Alls skráðu 13 nemendur sig í klúbbinn sem hittist á tveggja vikna fresti. Í byrjun mars fóru síðan 5 nemendur uppí Fablab og skáru úr kortakassa fyrir ferminguna sína sem þeir höfðu útbúið um veturinn.

#### *BreakOut EDU leikir*

Skárum út einn BreakOut EDU kassa í Fablab og pöntuðum lása og vasaljós frá Aliexpress og ætlunin var síðan að vera með BreakOut leiki. Við byrjuðum á stafrænum leik í Gíslasögu í 10. bekk. Íslenskukennarar í 10. bekk sendu 2-3 nemendur í einu til okkar í Þristinn og tóku þeir þátt í keppninni. Nemendur svöruðu spurningum úr bókinni og sá hópur vann sem svaraði á sem skemmstum tíma.

## Húsnæði

Í byrjun apríl greindist mygla í nokkrum stofum skólans m.a. í textílstofunni og var því ákveðið að textílkennslan færi fram á skólasafninu á svæðinu við gluggana út skólaárið. Safnið var opið þó svo að kennsla hafi verið í gangi. Reynt var að stúka af textílstofuna. Einnig fór einhver kennsla fram í Þristinum.

Í vetur hafa textílkennarar sent nemendur til okkar á safnið ef þeir vilja fá vínlimiða á það sem þau saumuðu í textíltímum. Nemendur fengu aðstoð við að útbúa miðana.

Um miðjan maí kom svo í ljós að loka þurfi 13 rýmum í viðbót í skólanum vegna myglu þ.a.m. bókasafninu. Mygla greindist þar í bóllum fyrir ofan einn gluggann. Því var ljóst að loka þurfti safninu út skólaárið. Útbúinn var skilakassi fyrir nemendur og hann settur fyrir framan safnið þar sem nemendur gátu skilað bókum. Gluggarnir voru plastaðir þannig að starfsmenn komust í sín rými í Ásnum og gátu unnið þar.

Anna Ingibergsdóttir, forstöðumaður skólasafns Garðaskóla.

## Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Námsráðgjafar í vetur voru þær Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Margrét Eiríksdóttir.

Í ársskýrslu námsráðgjafar 2022-2023 er gerð grein fyrir helstu áherslum og verkefnum náms- og starfsráðgjafa Garðaskóla sem eru tveir við skólann í fullu starfi. Námsráðgjafar eru talsmenn nemenda og vinna að almennri velferð þeirra sem snýr m.a. að líðan, námi og framtíðaráformum. Námsráðgjafar vinna í nánu samstarfi við nemendur, forráðamenn, kennara, skólastjórnendur og félagsmiðstöðina Garðalund ásamt fræðslu- og menningarsviði og fjölskyldu- og heilbrigðissviði Garðabæjar og heilsugæsluteymi Garðabæjar. Námsráðgjafar hitta einnig reglulega námsráðgjafa úr öðrum grunnskólum Garðabæjar á samráðsfundum.

### Náms- og starfsráðgjöf: Einstaklingsmiðuð ráðgjöf

Námsráðgjafar hitta stóran hluta nemenda yfir veturinn í einstaklingsmiðaðri ráðgjöf ásamt því að vera þátttakendur í teyllum utan um þá nemendur sem þurfa mestan stuðning. Þetta skólaárið störfuðu námsráðgjafar í 30 nemenda teyllum. Haldnir voru fundir í nemendateyllum eftir þörfum, vikulega, mánaðarlega eða reglulega yfir skólaárið. Á flestum fundum sátu nemendur teymisfundina ásamt foreldrum/forráðafólki og þeim aðilum sem koma að málefni nemandans.

Það er misjafnt hvernig nemendur nálgast námsráðgjafa skólans. Í flestum tilvikum koma nemendur beint á skrifstofu námsráðgjafa eða með beiðni í gegnum forráðamenn og/eða umsjónarkennara. Í nokkrum tilvikum óskuðu nemendur eftir viðtali í gegnum instagram síðu námsráðgjafa.

### Náms - og starfsráðgjöf: Hópráðgjöf og fræðsla

Námsráðgjafar kynna sig og starfsemi námsráðgjafar fyrir öllum nýjum nemendum skólans, bæði þeim sem byrja í 8. bekk og nýjum nemendum í 9. og 10. bekk. Öllum 8. bekkungum er boðið í aðstöðu námsráðgjafa í minni hópum þar sem kynning fer fram ásamt því að ræða um samskipti og bekkjaranda. Námsráðgjafar hafa kynnt námsframboð framhaldsskólanna, innritunarferlið og val á brautum í framhaldsskólum fyrir nemendum í 10. bekk. Forráðamönnum þeirra var boðið á upplýsingafund vegna innritunar í framhaldsskóla þegar opnað var fyrir innritun. Foreldrum/forráðamönnum var einnig haldið upplýstum með reglulegum tölvupóstum og sumir óskuðu eftir viðtali. Námsráðgjafar voru einnig með ýmsa fræðslu er varðar námstækni, náms- og starfsfræðslu og val á námi eftir grunnskóla á instagram síðu námsráðgjafa í Garðaskóla: gsnamsradgjof. Þar voru einnig opin hús í framhaldsskólum vel auglýst. Nemendur voru duglegir að nýta sér miðilinn og sendu einnig skilaboð þar til þess að fá aðstoð frá námsráðgjafa. Í lok skólaárs voru fylgjendur orðnir 406 talsins, flestir núverandi og fyrrverandi nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans.

*Helstu viðfangsefni vetrarins í náms- og starfsfræðslu:*

- Áhugasviðskönnun og túlkun niðurstaðna
- Upplýsingar um námsframboð framhaldsskóla fyrir 10. bekki
- Áfanga- og bekkjarkerfi kynnt

- Upplýsingar um innritun og innritunarferli kynnt

Nemendum í 10. bekk var boðið að taka Bendil áhugakönnun í upphafi vorannar og það voru ríflega 100 nemendur sem þáðu það. Þeim var á næstu dögum og vikum boðið í viðtal hjá námsráðgjafa til að skoða niðurstöður könnunar m.t.t. námsvals í framhaldsskóla. Nemendur og forráðamenn voru hvattir til að fara á opin hús framhaldsskólanna. Á framhaldsskóla veggnum sem er vefsvæði 10. bekkinga á heimasíðu skólans var að finna upplýsingar um nám, dagsetningar á opnum húsum og fleiri upplýsingar sem tengjast því að fara yfir á næsta skólastig.

## Starfamesa

Starfamesa er orðin árlegur viðburður í Garðaskóla, hún var haldin í byrjun mars þetta skólaárið. Sendur var tölvupóstur á alla forráðamenn í 10. bekk og þeim boðið að koma og kynna störf sín. Um tíu forráðamenn tóku þátt en til að gera viðburðinn enn betri mætti þátttaka forráðamanna verða mun meiri. Bæði nemendum í 9. og 10. bekk var boðið að kynna sér störfin.

## Ýmis verkefni:

### *Nemendaráðgjöf*

Tíu nemendur, átta stúlkur og tveir drengir voru í Nemendaráðgjöf sem er valfag í umsjón námsráðgjafa. Það er hugsað sem vettvangur til að láta gott af sér leiða og bæta skólann. Nemendaráðgjafar hittu yngri nemendur í tvígang, fóru með þeim í leiki og voru m.a. með fræðslu um það að vera nemandi í 9. bekk í Garðaskóla. Nemendaráðgjafar sáu einnig um að taka á móti tilvonandi nemendum í Garðaskóla, voru með kynningu fyrir þau á sal skólans og sýndu þeim skólann.

### *Atvinnutengt nám*

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem vegna sértækra örðugleika annarra en fötlunar, hafa dregist verulega aftur úr í námi og/eða eiga við félags- og tilfinningalega örðugleika að stríða. Markmiðið er að bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og ábyrgð, auk þess að vinna með umhverfislæsi þeirra. Á skólaárinu stundaði einn nemandi skólans atvinnutengt nám sem tengdist áhugasviði hans. Námsráðgjafi var tengiliður á milli nemanda og vinnustaðar og var samstarfið gott.

### *Undirbúningur fyrir framhaldsskóla NÁM1101*

Á vorönn sendu námsráðgjafar bréf til foreldra/forráðafólks þeirra nemenda sem voru í hægferðar áfanga í stærðfræði og þeim boðið að taka þátt í námskeiðinu *Undirbúningur fyrir framhaldsskóla*. Markmið námskeiðsins var að kynna fyrir nemendum sem mögulega þyrftu að taka undirbúningsnám í framhaldsskóla þá skóla sem bjóða upp á slíkt nám, þ.e. nám á fyrsta þrepi. Góð viðbrögð voru frá þeim foreldrum sem svöruðu póstinum. Alls voru 19 nemendur skráðir á námskeiðið en um 8-9 mættu á vikulega fundi/heimsóknir. Farið var í heimsókn í Tækniskólann í Reykjavík og Hafnarfirði, Flensborgarskólann, Fjölbrautaskólann í Ármúla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Einnig fengu nemendur sérstaka kynningu á umsóknarferlinu og þeim valmöguleikum sem standa þeim til boða eftir grunnskóla.

Önnur verkefni námsráðgjafa voru m.a.

- Skipulagning á aðlögun og móttöku nýrra nemenda og eftirfylgd með þeim
- Seta í áfallaráði skólans
- Seta í nemendaverndarráði skólans
- Seta í eineltisteymi skólans
- Samráðsfundur náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar
- KVAN fyrirliði ásamt kennara
- Skipulagning og þátttaka á bekkjarkvöldi fyrir nemendur og foreldra nemenda í 8. bekk

### Endurmenntun og viðhald fagþekkingar námsráðgjafa skólaárið 2022-2023

- Ráðstefna á Grand hótél Reykjavík - Skólaforðun, áskoranir og úrræði
- Kynning á farsældar lögum og aðkomu náms- og starfsráðgjafa. Páll Ólafsson frá Barna- og fjölskyldustofu. Borgartúni.
- Barnavernd á Covid tímum. Málstofa 3 - Áhættuhegðun og líðan barna og unglinga. Barna- og fjölskyldustofa.
- Náum áttum. Skilnaðir og áhrif á börn - Skaðleg áhrif skilnaðar. 21. september 2022.
- Fræðsla um málefni barna af erlendum uppruna.
- Fræðsla fyrir starfsfólk grunnskóla frá Samtökunum 78.
- “Góðan daginn faggi” - sýning í Þjóðleikhúsinu.

### Lokaorð

Skólaárið hefur að mestu leyti gengið vel og námsráðgjafar hafa tekið þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast starfinu. Fjölmarginir nemendur nýta sér þjónustu okkar, flestir koma einu sinni eða oft en ákveðinn hluti nemenda er í reglulegum viðtölum stóran hluta skólaársins.

Megin ástæður fyrir komu nemenda eru námslegur stuðningur, líðan, námstækni, samskipti og einnig viðtöl tengd vali á námi á framhaldsskólastigi. Þá hefur starf okkar einnig snúið að nemendum sem eru með skólaforðun sem virðist vera vaxandi vandamál. Á skólaárinu komu upp nokkur þung mál sem tengdust áhættuhegðun. Við fundum fyrir því að skólasamfélagið þarf að vera sérstaklega vakandi fyrir notkun og einkennum vímuefna sem virðist vera auðvelt að nálgast.

Eftir sem áður þarf að huga vel að líðan nemenda þar sem góð líðan, skólasókn og góður námsárangur haldast í hendur.

Hvað varðar starfamessu þá er hugmyndin að útvíkka hana á næsta skólaári með því að biðja forráðamenn 9. bekkinga einnig að taka þátt og stefna að því að fá a.m.k. 20 þátttakendur til að kynna fjölbreytt störf.

Við viljum senda öllu okkar góða samstarfsfólki bestu þakkir fyrir gott og gjöfult samstarf sl. skólaár.

Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Margrét Eiríksdóttir.